



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

Hugvísindasvið

**Þau skilja það núna í Sorbonne:**

*hugrænir þættir*  
*skáldskaparfræða Wallace Stevens*

Ritgerð til MA-prófs í Almennri bókmenntafræði

Berglind Ýr Sveinbjörnsdóttir

Janúar 2013

Háskóli Íslands  
Hugvísindasvið  
Almenn bókmenntafræði

## Þau skilja það núna í Sorbonne:

*hugrænir þættir*  
*skáldskaparfræða Wallace Stevens*

Ritgerð til MA-prófs í Almennri bókmenntafræði

Berglind Ýr Sveinbjörnsdóttir

Kt.: 200886-2409

Leiðbeinandi: Sif Ríkharðsdóttir

Janúar 2013

## Ágrip

Í þessari ritgerð er fjallað um skáldskaparfræði bandaríska ljóðskáldsins Wallace Stevens (1879-1955). Stevens skrifaði nokkrar ritgerðir og safnaði í gegnum tíðina afórismum þar sem hann veltir fyrir sér eðli ljóðlistar, sér í lagi sambandi ímyndunarafls og skáldskapar við raunveruleikann. Stevens er þeirrar skoðunar að raunveruleikinn og ímyndunaraflíð séu órjúfanlega tengd í upplifun mannsins á heiminum, og þess vegna að raunveruleikinn og ljóðlist séu í raun eitt og hið sama. Þetta kann að virka fjarstæðukennt, en nýverið hafa ýmsir fræðimenn innan hugrænna fræða sett fram kenningar um það sem ég kys að kalla bókmenntalega upplifun mannsins á heiminum. Í ritgerðinni byggi ég sérstaklega á heimspekingnum Mark Johnson sem hefur bæði einn og ásamt öðrum skrifað um líkamsmótað vitsmunastarf mannsins, en í því felst að hugrænir þættir mannsins—eins og t.d. tilfinningar, hugsanir og minni—eru líkamsmótaðir. Ásamt George Lakoff hefur Johnson sett fram þá kenningu að líkaminn sé grunnviðmið allrar merkingarsköpunar og að líkingar einkenni hugsun mannsins. Johnson hefur einnig byggt hugmyndir sínar á uppgötvunum taugavísindamannsins Antonio Damasio um þátt tilfinninga og geðshræringa í rökhugsun og öllu lífi mannsins. Þessir fræðimenn hafa sýnt fram á að Stevens var ekki í skýjaborgum rómantíkur, heldur eru til vísindalegar rannsóknir sem styðja það að upplifun mannsins er bundin formum og ætíð gædd tilfinningum. Þessi form og þessar tilfinningar eru ýktar í bókmenntum með stílbrögðum en þær eru í grunninn manninum náttúrulegar og óhjákvæmilegar í upplifun hans og vitsmunastarfi. Þó það kunni að vera ótrúlegt er mannlegur raunveruleiki því bókmenntaleiki.

## **Abstract**

This essay is about Wallace Stevens' (1879-1955) theory of poetry. During his career Stevens wrote several essays and collected aphorisms in which he considers the nature of poetry, especially the relationship between the imagination or literature and reality. Stevens believes that reality and the imagination are inseparable in man's experience of the world, and therefore that reality and poetry are really the same thing. This might seem absurd, but recently scholars working within cognitive science have put forward theories regarding what I have called the human's literary experience of the world. I base my argument mainly on philosopher Mark Johnson who has, both on his own and with others, written about the embodied mind which takes the cognitive aspects of humans—like, for example, feelings, thoughts and memory—to be embodied. With George Lakoff he has written about how the body is the base for all our meanings and that metaphors mark human thought. Johnson also bases his theories on the work of neuroscientist Antonio Damasio concerning the role of feelings and emotions in reason and all human life. These scholars and scientist show that Stevens was not an alienated Romanticist, since there is scientific proof that supports that human experience is bound by forms and full of feeling. These forms and these feelings are exaggerated in literature but they are fundamentally natural and inevitable in human experience and thought. Although it might seem unbelievable, the reality of humans is poetry.

# Efnisyfirlit

Inngangur: Djörf skáldskaparfræði	bls. 7
1. Skáldskaparfræði Wallace Stevens	
1.1 Heimspekisögulegt samhengi	bls. 11
1.2 Bókmenntasögulegt samhengi	bls. 13
1.3 Skáldskaparfræði Stevens	bls. 16
1.4 Móðernisti með formerkjum	bls. 20
1.5 Í átt að hugrænum fræðum	bls. 25
2. Hugræn fræði	
2.1 Hugræn fræði	bls. 28
2.2 Líkamsmótunarkenningin	bls. 29
2.2.1 Merkingarvilla Descartes	bls. 31
2.2.2 Tilfinningar og geðshræringar	bls. 34
2.2.3 Myndmót	bls. 37
2.2.4 Líkingar	bls. 40
3. Bókmenntaleikinn	
3.1 Hið sanna djarfa	bls. 44
3.2 Sérkenni bókmennta, sérkenni raunveruleikans	bls. 45
3.3 Tilgangur lista	bls. 48
Lokaorð: Þau skilja það núna í Sorbonne	bls. 53
Heimildaskrá	bls. 55

And what were thou, and earth, and stars, and sea,  
If to the human mind's imaginings  
Silence and solitude were vacancy?  
(P.B. Shelley, úr „Mont Blanc“)

The poem is the cry of its occasion,  
Part of the res itself and not about it.  
The poet speaks the poem as it is,

Not as it was: part of the reverberation  
Of a windy night as it is, when the marble statues  
Are like newspapers blown by the wind. He speaks

By sight and insight as they are. There is no  
Tomorrow for him. The wind will have passed by,  
The statues will have gone back to be things about.

The mobile and the immobile flickering  
In the area between is and was are leaves,  
Leaves burnished in autumnal burnished trees

And leaves in whirlings in the gutters, whirlings  
Around and away, resembling the presence of thought,  
Resembling the presences of thoughts, as if,

In the end, in the whole psychology, the self,  
The town, the weather, in a casual litter,  
Together, said words of the world are the life of the world.

(Wallace Stevens, úr „An Ordinary Evening in New Haven“)

## Inngangur: Djörf skáldskaparfræði

Bandaríska ljóðskáldið Wallace Stevens skrifaði á hátindi ferils síns, á fimmta áratug tuttugustu aldar, nokkrar ritgerðir um ljóðlist. Ritgerðirnar, sem voru (allar nema ein) upphaflega fluttar sem ræður, tók Stevens saman í eina bók og gaf út undir titlinum *The Necessary Angel: Essays on reality and the imagination* árið 1951. Saman mynda ritgerðirnar skáldskaparfræði Stevens, eins og hann segir sjálfur í formála *The Necessary Angel*:<sup>1</sup>

Fræðileg skrif um ljóðlist, sem viðfangsefni skoðunar, var nokkuð sem ég hafði ekkert nema hinn mesta metnað fyrir. Mér virtist það með verðugustu skoðunarefnum. Ég á ekki við enn eina *Ars Poetica* sem, segjum, varðar tæknilega hlið ljóðlistar eða kannski sögu hennar. Ég á við ljóðlistina sjálfa, ljóðið í sjálfu sér, ímyndunaraflið eins og það birtist í skrúða orða.<sup>2</sup>

Í *Opus Posthumous* (1957) er einnig að finna nokkrar ritgerðir sem og „Adagia“, safn afórísma um ljóðlistina og lífið sem Stevens safnaði í gegnum árin, og styttri texta, aðeins ein til tvær blaðsíður, þar sem hann tekur fyrir ólík efni.<sup>3</sup> Hér tel ég afórísmana með til fræðilegs prósa Stevens og í rauninni teljast bréf skáldsins einnig til hans en í þeim útskýrir hann hugmyndir sínar frekar og oft á annan hátt, en í grunninn fjalla afórismarnir, ritgerðirnar og bréfin um samband ímyndunarafllsins og raunveruleikans. Samuel French Morse skrifar í inngangi *Opus Posthumous* að allir textar Stevens renni saman; að ritgerðirnar séu byggðar upp eins og ljóðin og sumir af afórismunum komi fyrir óbreyttir í ritgerðunum sem og ljóðunum (xxxv), enda kallar Stevens afórísmana *materia poetica*, eða efnivið ljóða. Eins og J. Hillis Miller má segja að „[f]rá öðrum endanum til hins [endurtaki] Stevens eina hugmynd, og allt höfundarverk hans [sé] tilraun til þess að skoða þær fjöldamörgu leiðir sem hægt er að sjá raunveruleikann í gegnum ímyndunaraflið“.<sup>4</sup> Kostur þess að fjalla um prósan frekar en ljóðin er þó sá að í prósanum leitast Steven við að vera skýr, en ljóðin eru eðlilega margræð.

<sup>1</sup> Hér eftir vitna í til efnis *The Necessary Angel* með NA og blaðsíðutali.

<sup>2</sup> „The theory of poetry, as a subject of study, was something with respect to which I had nothing but the most ardent ambitions. It seemed to me to be one of the great subjects of study. I do not mean one more *Ars Poetica* having to do, say, with the techniques of poetry and perhaps with its history. I mean poetry itself, the naked poem, the imagination manifesting itself in its domination of words“. Stevens 1951: viii. Allar þýðingar á Stevens eru mínar.

<sup>3</sup> Hér eftir vitna ég til efnis í *Opus Posthumous með OP* og blaðsíðutali.

<sup>4</sup> „From one end of his work to the other [Stevens] reiterates a single idea, and all his work is an attempt to explore the endlessly variable perspectives from which reality can be viewed by the imagination“. 1968: 225. Allar þýðingar á fræðitextum eru mínar nema annað sé tekið fram.

Samkvæmt hinni hefðbundnu skilgreiningu á ímyndunarafli og raunveruleika er ímyndunaraflið andstæða raunveruleikans, þar sem skáldskapur er leikur en raunveruleikinn alvara lífsins. Stevens telur hins vegar hvoru tveggja jafn veigamikla þætti í tilveru mannsins. Hann segir á rómantíska vísu að ímyndunaraflið sé allsráðandi og hin mesta snilli. Og hann segir líka að raunveruleikinn sé hin eina sanna snilli og að ljóðlist leitist eftir því að ná raunveruleikanum *eins og hann er*. Í skáldskaparfræðum hans felst það að maðurinn skapar raunveruleikann með ímyndunarafli sínu (NA 121), eða að ímyndunaraflið og raunveruleikinn séu innbyrðis háð hvoru öðru í upplifun mannsins. Samband skáldskapar og raunveruleika er því ekki hið hefðbundna heldur er raunveruleikinn ljóðlist, eða ljóðlist lífið: „List, í víðri merkingu, er form lífsins eða tónn eða litur lífsins. Sem form (eða hugmynd) er hún oft óaðskiljanleg sjálfu lífinu“.<sup>5</sup> Með öðrum orðum lýsir listin lífinu með formum, litum eða hljóðum en af því listin er svo lík lífinu er óljóst hvar lífið endar og listin tekur við.

Þessar (að því er virðist) innbyrðis mótsagnir valda því að Stevens hefur verið túlkaður á andstæðan hátt:

Stevens er skáld ímyndunaraflsins; hann er skáld raunveruleikans. Hann er skáld kerfisbundinna hugmynda; hann er skáld tungumálsins, minna upptekinn af heimspekikerfum en tilfinningum. Hann er táknsæismaður; hann er andstæður táknsæismönnum og þeirra eftirmanna. Hann tilheyrir hugsjónahefðinni; hann tilheyrir náttúralísku hefðinni [o.s.frv].<sup>6</sup>

Stevens notar mikið af hugtökum, eins og t.d. „hið óhlutbundna“ eða „huglæga“ (e. *abstract*), „ímyndunaraflið“ og „raunveruleikinn“ í ljóðunum og prósanum og túlkanirnar á textum hans hafa farið eftir því hvernig hugtökin eru útskýrð hverju sinni. Þannig hefur orðið „óhlutbundið“ (e. *abstract*) verið skilið á marga vegu, annaðhvort í sinni hefðbundnu merkingu sem eitthvað óhlutbundið eða í öfugri merkingu sem eitthvað hlutlægt, þ.e. áþreifanlegt eða raunverulegt (Leggett 1987: 20).

Umræðan kvíslast í margar áttir og enginn hefur getað sýnt með sannfærandi hætti að Stevens sé eitt umfram annað; hughyggjumaður eða raunhyggjumaður, rómantískur eða

<sup>5</sup> „Art, broadly, is the form of life or the sound or color of life. Considered as form (in the abstract) it is often indistinguishable from life itself“. *OP* 158.

<sup>6</sup> „Stevens is the poet of the imagination; he is the poet of reality. He is the doctrinal poet of ideas; he is the poet of words, less concerned with doctrine than with feeling. He is a Symbolist; he stands opposed to the Symbolist and post-Symbolist poets. He belongs to an idealist tradition; he belongs to a naturalistic tradition“. 1987: 3.



natúralískur. Algengasta nálgun á verk Stevens hefur verið að bera hann saman við heimspekinga og önnur skáld og hefur hann verið borinn saman við flesta þá sem hann nefnir í ritgerðum sínum, en hann vitnar í fjölda heimspekinga og skálda í textunum. Markmið þessara fræðimanna er að grafast fyrir um rætur hugmynda Stevens til þess að skýra hvaða merkingu hann leggur í þessi veigamiklu og síendurteknu hugtök. Það eitt, telja þeir, getur komið í veg fyrir tvískiptingu umræðunnar um Stevens sem skáld ímyndunaraflsins eða skáld raunveruleikans: annaðhvort lendi Stevens í þversögn við sjálfan sig eða hann er ekki rétt skilinn.

Gagnrýnendum er í mun að setja Stevens í annanhvorn flokkinn og horfa fram hjá því að í rauninni er Stevens bæði skáld ímyndunaraflsins og raunveruleikans, skáld hugmyndanna og heimspekinnar en líka tilfinninganna. Hann er sömuleiðis hugsjónamaður en líka natúralískur eins og vísanir hans til líkamans og í aðra náttúru bera vitni um. Nýjar rannsóknir innan hugrænna fræða sýna að ef til vill sé óþarfi að halda mótsögnunum aðskildum. Í *Metaphors We Live By* (2003 [1980]) greina heimspekingurinn Mark Johnson og málfræðingurinn George Lakoff frá uppgötvunum sínum á ráðandi þætti líkinga í hugsun mannsins. Þeir halda því fram að rökhugsunin, sem er jafnan talin vera hlutlæg, sé bundin huglægum þáttum eins og ímyndunaraflinu. Þetta þýðir að gamalgrónu andstæðurnar hlutlægni og huglægni er fölsk aðgreining.

Johnson og Lakoff tilheyra ört vaxandi hópi fræðimanna sem lítur á hugræna þætti mannsins sem „líkamsmótaða“ (e. *embodied*), en kenning þeirra er sú að hugur mannsins sé samtengdur öðrum líkamsferlum og órjúfanlegur hluti líkamans sem veru í rými. Í nýlegri bók, *The Meaning of the Body* (2007), endurmetur Mark Johnson listir út frá líkamsmótunarkenningunni. Kenning Johnson er að öll merking sé háð líkamanum og tilvist hans innan ákveðins umhverfis, náttúrulegs og menningarlegs, og að bókmenntir og listir séu aðeins samþjöppun og ýking á líkamlegri merkingu mannsins. Rökfærslu sína byggir hann að stórum hluta á taugavísindamanninum Antonio Damasio um þátt tilfinninga í rökhugsun og allri tilvist mannsins. Í kenningu hans felst að manneskjan sér og skilur heiminn með líkamanum og þess vegna verður raunveruleikinn—eða upplifun mannsins á raunveruleikanum—sjálfkrafa tilfinningalegur og bundinn ákveðnum formum.

Þessi ritgerð fjallar um hugræna þætti skáldskaparfræða Wallace Stevens. Tilgangurinn er að sýna að mótsagnirnar í Stevens eru ekki mótsagnir heldur fölsk aðgreining í andstæður. Stevens hafi fylgt upplifun sinni, en ekki hefðbundnum leiðum, í kenningum sínum og þannig

komist að þeirri skoðun að raunveruleikinn og ímyndunaraflíð séu órjúfanlegir þættir upplifunar mannsins á heiminum. Nýlegar rannsóknir á sviði hugrænna fræða sýna nú fram á að þetta sé hægt að útskýra. Í fyrsta kafla geri ég grein fyrir skáldskaparfræðum Stevens og staðset hann í heimspeki- og bókmenntasögulegu samhengi, en kenningar hans ganga inn í langa hefð þekkingar- og skáldskaparfræða. Í öðrum kafla fjalla ég um líkamsmótunarkenninguna og þá þætti sem Mark Johnson og aðrir hugrænir fræðimenn segja að einkenni vitsmunastarf mannsins. Jafnóðum flétta ég saman kenningar Stevens og kemur þá í ljós hversu mikið hans kenningar enduróma marga þætti síðari kenninga sem settar hafa verið fram innan hugrænna fræða. Í þriðja og síðasta kaflanum fjalla ég um bókmenntaleikann sem raunveruleikann. Bókmenntir eru jafnan ortar í ákveðnum stellingum og þær eru markvisst ríkari af líkingum, stuðlum og öðrum stílbrögðum, en þær eru aðeins ýkingar á venjubundnum hugsanaformum mannsins. Með öðrum orðum: raunveruleikinn er bókmenntalegur—lífið er ljóðlist.

# 1. Skáldskaparfræði Wallace Stevens

## 1.1 Heimspekisögulegt samhengi

Skáldskaparfræði Wallace Stevens eru frumspeki- og þekkingarfræðilegs eðlis og uppfull af tilvitnunum í fræga heimspekinga en í ritgerðunum sækir Stevens í hugmyndir heimspekinga allt aftur til Platóns og fram til samtímamanna sinna. Ómögulegt er að telja til alla þá sem Stevens nefnir og til þess að hafa þá sem skipta mestu máli er stundum farið hratt yfir sögu.

Kennisetningum frá Forn-Grikkjum til fyrri hluta tuttugustu aldar má skipta gróflega í tvennt. Annars vegar er það heimspekin sem kennd er við hughyggju eða rökhyggju og hins vegar raunhyggju. Samkvæmt rökhyggju er þekkingin *a priori* eða fyrirfram gefin. Samkvæmt kenningum af þeim anga er hægt að komast að staðreyndum eða þekkingu með rökhugsuninni einni. Þá skoðun má rekja til Platóns sem taldi raunheiminn, þ.e. þann heim sem maðurinn sér og athafnar sig í, aðeins skuggann eða eftirmynd af hinum raunverulega frummyndaheimi þar sem formin og hugmyndirnar eru fullkomnar. Vildu menn komast að staðreyndum þurftu þeir að nálgast slík form og hugtök í huganum. Aristóteles, lærisveinn Platóns, hafnaði hins vegar frummyndakenningu meistara síns og taldi hinn ápreifanlega raunveruleika hinn eina sanna raunveruleika. Raunhyggjuna má rekja til hans en samkvæmt kenningum af þeim toga er þekkingin *a posteriori* eða eftir á; raunveruleikinn er hlutlægur og hægt er að nema af honum ýmis lögmál.

Við komum næst að René Descartes, upphafsmanni nútímaheimspekinnar. Descartes kemst með yfirvegaðri hugsun og efann að vopni að því að hugurinn sé hið eina sem hann getur verið viss um að sé óyggjanlega til. Allur reynsluheimurinn sé síbreytilegur og allar skynjanir á ytri veruleika gætu mögulega verið blekking ein, eigin líkami meðtalinn. Kjarni tvíhyggju Descartes er eftirfarandi:

Annars vegar hef ég skýra og greinilega hugmynd um sjálfan mig sem hugsandi veru sem hefur ekkert rúmtak. Hins vegar hef ég greinilega hugmynd um líkama, að því leyti sem hann hefur aðeins rúmtak, en hugsar ekki. Því er öldungis víst að ég og líkami minn erum tvennt ólíkt, og ég gæti vel verið til án líkamans.<sup>7</sup>

<sup>7</sup> 2001: 209. Þorsteinn Gylfason þýddi.

Af þessu leiðir að eina raunverulega þekkingin verður að vera *a priori* en ekki af óáreiðanlegri reynslunni.

Andstæð kenningu Descartes er kenning John Locke um að maðurinn sé við fæðingu *tabula rasa* eða autt blað. Samkvæmt Locke eru engar hugmyndir meðfæddar eða fyrirfram gefnar og þess vegna er eina mögulega þekkingin þekking á raunheiminum eða hugtök sem maðurinn dregur af henni. En George Berkeley sameinar í heimspeki sinni hughyggju Descartes og raunhyggju Locke. Niðurstaðan er höfnun á öllum reynsluheimi; það eina sem Berkeley segir að sé örugglega til eru skynjanir manns, þ.e. „esse est percipi“ („að vera er að skynja“). Líkt og Descartes bendir Berkeley á að öll skynjun sé sfbreytileg og persónuleg; litir og form séu skynjaðir á mismunandi hátt eftir sjónarhorni og birtu og séu því ekki traustur grunnur þekkingar: „Birta og litir, hiti og kuldi, rúmtak og tölur, í einu orði sagt það sem við sjáum og skynjum, hvað eru þessir hlutir annað en skynjanir, hugboð, hugmyndir eða sýndir í skilningarvitunum; og er mögulegt að aðskilja, jafnvel í huganum, eitthvað af þessu frá skynjunum?“<sup>8</sup> Til er saga (sem þó er eilíttill útúrsnúningur) um að efins nemandi eigi að hafa sagt við Berkeley, á gönguferð hans og bekkjarins, að hætta sér ekki of langt frá hinum þar sem hann gæti „hætt að vera til“.<sup>9</sup> Ég segi hana hér því mögulegt er að skilja skáldskaparfræði Stevens eins og þau séu af sama meiði, en það kemur betur fram síðar.

Immanuel Kant kallar uppgötvanir sínar „Kóperníkusarbyltinguna“ í vestrænni heimspeki en hann telur sig hafa fundið svarið við spurningum þekkingarfræðinnar. Kenning Kant er forskilvitleg, en hann segir manninn hafa ákveðna *a priori* flokka eða hugkvíar sem fella alla reynslu af raunveruleikanum í ákveðin mót. Raunveruleikinn er til en tími, rúm og orsakasamhengi eru hluti af hinu forskilvitlega sjálfum sem mótar allt það sem maðurinn þekkir af honum, þó *heimurinn í sjálfum sér* sé ekki endilega bundinn þessum formum:

Ef skoðun yrði að vera af því tagi að hún sýndi hlutina *eins og þeir eru í sjálfum sér* þá væri ekkert hægt að skoða fyrirfram. Þá væri hún ævinlega raunskoðun. Því ég get ekki vitað hvað hluturinn hefur að geyma í sjálfum sér nema

<sup>8</sup> „Light and colours, heat and cold, extension and figures, in a word the things we see and feel, what are they but so many sensations, notions, ideas or impressions on the sense; and is it possible to separate, even in thought, any of these from perception?“ 1988: 54.

<sup>9</sup> Berkeley á við hlutveruleika en ekki hugi manna, en hugir hljóta að vera til svo lengi sem þeir skynja. Þessa sögu sagði Gunnar Harðarson í námskeiðinu Nýaldarheimspeki við Háskóla Íslands haustönn 2006.

hann sé mér nærverandi og gefinn. Sé svo, þá er aftur á móti óskiljanlegt hvernig skoðun á nærverandi efni getur gefið mér þekkingu á því eins og það er í sjálfu sér því eiginleikar þess geta ekki flögrað yfir í huga minn.<sup>10</sup>

Stærðfræði er fræði sem vinnur með hrein hugtök, en frumspeki, sem ætlar sér að skýra allan heiminn, er utan seilingar mannlegrar getu. Heimur og þekking mannsins takmarkast af því sem hann *getur séð*—það sem Kant kallar fyrirbæri—og því er bil á milli mannsins og heimsins.

Um aldamótin 1900 verður fyrirbærafræðin til. Fyrirbærafræðingar hafna hugmyndinni um hið forskilvitlega sjálf og heiminn í sjálfum sér en byggja annars að miklu leyti á Kant. Maurice Merleau-Ponty skilgreinir fyrirbærafræði þannig að hún fjalli um „eðli skynjunarinnar og eðli vitundarinnar“,<sup>11</sup> og samkvæmt henni sé „heimurinn ávallt ‚þegar til staðar‘ sem óumflýjanleg nærvera áður en yfirvegúnin [þ.e. hið forskilvitlega sjálf gætt hugkvíunum] kemur til“ (113). Grundvöllur fyrirbærafræðinnar er maðurinn sem hugsar í heiminum (114), en „[h]eimurinn er ekki viðfang sem fylgir ákveðnum mótunarlögmálum sem ég hef í fórum mínum, heldur náttúrulegt umhverfi eða svið allra hugsana minna og ljósra skynjana“ (116). Merleau-Ponty talar um „milliliðalaus nærvera í heiminum“ (117)—við erum svo að segja gegnsósa af heiminum en ekki aðskilin *honum í sjálfum sér*.

Og þá nær heimspekisagan sem liggur skáldskaparfræðum Stevens til grunna ekki lengra. Áður en við setjum skáldskaparfræði Stevens í samhengi við heimspekisöguna förum við í bókmenntasöguna og byrjum aftur á sama stað í tíma.

## 1.2 Bókmenntasögulegt samhengi

Í bókmenntasögunni tekur umræðan um samband huga og raunveruleika á sig aðra mynd og snúast spurningarnar nú um hver sé raunveruleiki bókmennta, hvað bókmenntir geti sýnt eða hversu réttur raunveruleikinn sé sem þær sýna. Í þessum kafla styðst ég við M.H. Abrams sem hefur gert skilmerkilega grein fyrir þróuninni í *The Mirror and the Lamp* (1953) þar sem hann setur kenningar frá Platóni til kenningasmiða rómantíkur upp í líkan þar sem auðvelt er að skoða samband skáldverksins við þrjá þætti: áheyrendur (í víðri merkingu), listamaðurinn og raunveruleikann.

<sup>10</sup> Kant 2008: 81. Skúli Pálsson þýddi.

<sup>11</sup> 2008 [1945]: 113. Jón Laxdal Halldórsson, Páll Skúlason og Björn Þorsteinsson þýddu.

Þar sem grunnur kenningar Platóns er frummyndaheimurinn er raunveruleikinn aðeins eftirmynd hins fullkomna heims og skáldverk eftirlíking af raunheimum sem eru þegar eftirlíking af frummyndaheiminum og því í tvöfaldri fjarlægð frá „sannleikanum“ (Abrams 8). Í *Ríkinu* segir m.a. að skáldskapurinn sé „sýndin“ ein og að „[e]ftirherman [viti] ekkert sem máli skiptir um það sem hún líkir eftir, heldur [sé] hermilistin eins konar leikur og engin alvara“.<sup>12</sup> Samkvæmt Platón er sá veruleiki sem skáldskapurinn sýnir blekking, þannig sé hann ekki í raun og veru. Í *Ríkinu* hafnar Platón skáldskap og gerir skáldin útlæg úr fyrirmyndarríkinu vegna þess að skáldskapur getur ekki samræmst því samfélagi sem byggist á einkunnarorðunum sannleikur, réttlæti og dygðir (Abrams 9).

Í heimspeki Aristótelesar er skáldskapurinn ennþá eftirlíking af raunveruleikanum, en nú af hinum eina sanna raunveruleika. Og þó skáldskapurinn sé eftirlíking er hann síður en svo neikvæður eða skaðlegur því Aristóteles taldi þörfina til að líkja eða herma eftir mannum eðlilega, að eftirherman veitti honum ánægju (Abrams 10). Aristóteles skráði einnig niður þær almennu reglur sem skáldskapur ætti að fylgja, en samkvæmt þeim var það atburðarrás sem líkt var eftir í leikverkum, og átti verkið auk þess að líkja eftir sennilegum atburðum sem skyldu hafa almenna tilvísun (Aristóteles 59).

Áhrif Aristótelesar eru ríkjandi allt fram á átjándu öld. Eftirlíkingin í hans skilningi var ráðandi í skáldskaparfræðum en hún tók þó á sig ýmis önnur nöfn, eins og „endurspeglun“ (e. *reflection*), „framsetning“ eða „birtingarmynd“ (e. *representation*), „fölsun“ (e. *counterfeiting*), „eftirherma“ (e. *feigning*), „afritun“ (e. *copy*) eða „mynd“ (e. *image*) (Abrams 11). Álitamálið var eftir hverju ætti að líkja; hvort náttúran ætti að vera viðmiðið eða æðri gildi eins sannleikurinn og dygðirnar (Abrams 11). Sumum fannst enn fremur, að ef náttúran væri sýnd, ætti það að vera hin fagra náttúra eða (fr. *la belle nature*) en ekki villtur og grófur raunveruleikinn (Abrams 33).

Með rómantíkinni átti sér stað nokkurs konar „Kóperníkusarbylting“ í bókmenntum. Bókmenntirnar urðu vitaskuld fyrir áhrifum og höfðu sjálfar áhrif á nýjar hugmyndir í heimspeki og vísindum um það hvernig maðurinn sá og skildi heiminn (Abrams 57-58) og um aldamótin 1800 varð sú breyting á að ljóðskáldið varð nú miðja merkingarinnar og skáldskapurinn persónuleg tjáning þess en ekki eftirlíking af raunveruleikanum. Enn fremur var það svo, að ef skáldið líkti eftir hinum ytri heimi var raunveruleikinn ekki sýndur í „réttir“ eða nákvæmri eftirlíkingu heldur litaður af tilfinningu skáldsins (22). Abrams tekur saman hugmyndir

<sup>12</sup> Platón 1997: 341. Eyjólfur Kjalar Emilsson þýddi.

rómantísku skáldanna sem eru svohljóðandi: „Ljóðlist er flaumur, yrðing, eða frávörpun hugsunar eða tilfinninga skáldsins, eða ljóðlist er skilgreind sem ferli ímyndunaraflsins sem umbreytir og sameinar ímyndanir, hugsanir, og tilfinningar skáldsins“.<sup>13</sup> Þessi breyting á því hvernig menn skildu skáldskap varð m.a. vegna þess að rómantísku skáldin vildu vinna gegn aðskilnaði manns og náttúru sem varð með uppgangi vísindanna á átjándu öld. Rómantísku skáldin vildu brúa bil skynseminnar og náttúrunnar, eins og Abrams útskýrir: „Að viðurkenna það að maðurinn deilir lífi sínu með náttúrunni var að endurlífga dauðan heim efnishyggjumannanna, og að sama skapi að binda manninn umhverfi sínu á ný“.<sup>14</sup> Tilfinningar lífðu dauðan heim vísindanna við og svo að segja slepptu mannum aftur út í náttúruna.

Í kjölfar rómantíkur vildu raunsæismenn lýsa raunveruleikanum hlutlægt en upp úr aldamótunum varð krísa í listrænni framsetningu á veruleikanum sem var afleiðing nýs veruleika borgarlífs og fjöldamenningar sem þá var búinn að festa sig í sessi (Lewis 2007: 11). Móðernistar drógu í efa möguleikann á framsetningu raunveruleikans og í stað þess að notast við hefðbundnar leiðir til eftirlíkingar gerðu þeir tilraunir með framsetninguna. Skáld og rithöfundar drógu t.d. athygli að tungumálinu sjálfu í bókmenntum og myndlistamenn drógu athyglina að áferð verka sinna, þ.e.a.s. miðli listgreinarinnar (3). Áhrifa Kant gætti í því að að menn voru meðvitaðir um það að maðurinn gæti aldrei sýnt heiminn í sjálfum sér (6) en tungumálið hafði auk þess glatað áreiðanleika sínum vegna nýrra hugmynda um tilviljanakennd tengsl tákniðs og tákmyndar (11). Í stað þess að líkja eftir hlutlægum eða „raunsæjum“ veruleika fóru listamenn að líkja eftir veruleikanum eins og einstaklingurinn upplifir hann, á fyrirbærafræðilegan hátt (5).

Eins og áður segir snýst ágreiningur manna um samband skáldskapar og raunveruleika um sannleiksgildi skáldskaparins eða hversu „rétt“ raunveruleikinn er sýndur í bókmenntum. Eins og felst í orðinu „eftirlíking“ er ljóst að skáldskapur er alltaf að minnsta kosti einu þrepi frá raunveruleikanum, þ.e.a.s. hann er aldrei *raunveruleikinn sjálfur*. Samkvæmt aristótélísku hefðinni getur skáldskapur þó verið sannur ef hann er trúr náttúrunni eða ef hann fjallar rétt og satt um hin æðstu gildi (Abrams 23). Í rómantíkinni skipti hins vegar máli hvort skáldskapurinn væri trúr tilfinningu skáldsins (23). Sumir móðernistar, eins og t.d. T.S. Eliot, voru þeirrar skoðunar að listaverkið ætti að vera „trútt sjálfu sér“, það ætti að vera lokuð heild, ótengt

<sup>13</sup> „Poetry is the overflow, utterance, or projection of the thought and feelings of the poet; or else [...] poetry is defined in terms of the imaginative process which modifies and synthesizes the images, thoughts, and feelings of the poet“. 1953: 21-22.

<sup>14</sup> „To establish that man shares his own life with nature was to reanimate the dead universe of the materialists, and at the same time most effectively to tie man back into his milieu“. Sama heimild: 65.

listamanninum, áhorfendum og heiminum (27), en almennt reyndu módernistarnir að vera trúir upplifun mannsins á heiminum.

### 1.3 Skáldskaparfræði Stevens

Og þá er tímabært að skoða hvar Stevens kemur inn í söguna en skáldskaparfræði hans eru flókin blanda rökhyggju og raunhyggju, rómantíkur, natúralisma og módernisma. Í þeim má finna vísa af eftirlíkingu Aristótelesar og hughyggju Platóns, einnig er keimur af tvíhyggju Descartes, hugmyndum Locke og Berkeley, sem og Kant og fyrirbærafræðinni. Og þar koma við sögu rómantísku skáldin og módernískur samtími hans.

Samkvæmt helmingnum af afórismunum í „Adaiga“ er ímyndunaraflið mesta og besta afl manneskjunnar. „Við búum í huganum“,<sup>15</sup> segir einn afórismanna, og „[h]ugurinn er hið mikilfenglegasta í heiminum“,<sup>16</sup> segir annar. „Ímyndunaraflið er hin eina sanna snilli“,<sup>17</sup> heldur hann enn fremur fram, „[í]myndunaraflið gleypir og dregur í sig hluta af raunveruleikanum“.<sup>18</sup> Jafn öfgakennd er eftirfarandi fullyrðing: „Besta ljóðið felst í því að aftengja raunveruleika(ann)“.<sup>19</sup> Í þessum afórismum kennir rómantíkurinnar sem upphefur ímyndunaraflið yfir allt annað, en einnig mætti skilja að skáldið hefði engan áhuga á raunveruleikanum heldur hugmyndaheiminum einum saman, í líkingu við Descartes og Berkeley.

Stevens lætur stórar fullyrðingar ekki síður falla um raunveruleikann en ímyndunaraflið og í rauninni snúast fleiri fullyrðingar um raunveruleikann en ímyndunaraflið í „Adagia“. Til að mynda segir hann að raunveruleikinn sé líka hin eina sanna snilli: „Það er ekkert mikilfenglegra í heiminum en raunveruleikinn. Í okkar stöðu verðum við að játa að raunveruleikinn sjálfur er eina snillin“.<sup>20</sup> Stevens ávarpar þá sem telja ljóð hans vera úr tengslum við raunveruleikann í ritgerðinni „The Noble Rider and the Sound of Words“, en hann var í upphafi gagnrýndur fyrir það (Richardson 161; sjá líka Riddell 1964: 107). Í huga hans er ljóðskáldið „eilífur ástmaður heimsins“,<sup>21</sup> sem „horfir á heiminn eins og karlmaður horfir á konu“.<sup>22</sup> Auk þess segir hann að

<sup>15</sup> „We live in the mind“. *OP* 164.

<sup>16</sup> „The mind is the most powerful thing in the world“. *OP* 162.

<sup>17</sup> „Imagination is the only genius“. *OP* 179.

<sup>18</sup> „The imagination consumes and exhausts some element of reality“. *OP* 173.

<sup>19</sup> „The great poem is the disengaging of (a) reality“. *OP* 169.

<sup>20</sup> „There is nothing in the world greater than reality. In this predicament we have to accept reality itself as the only genius“. *OP* 177.

<sup>21</sup> „un amoureux perpétuel of the world“. *NA* 30.



ljóðlist sé viðbragð eða mótstaða gegn raunveruleikanum og „[m]ótstaða [sé] andstaða flóttá“.<sup>23</sup> Raunveruleikinn, segir hann einnig, er grunnstef ljóðlistar eða viðmiðið: „Raunveruleikinn er mótífið“,<sup>24</sup> og eins segir hann að hugurinn eigi upptök sín í raunveruleikanum, „[r]aunveruleikinn [sé] miðja andans“.<sup>25</sup> Einnig má nefna einn afórisma sem varðar ræktun jarðarinnar, en hann segir að „það [þurfi] að vera eitthvað af bónda í sérhverju skáldi“.<sup>26</sup>

Stevens horfir heldur ekki framhjá líkamlegri tilvist mannsins þó hann leggi áherslu á ímyndunaraflið og er hið lífræna rauður þráður í gegnum skáldskaparfræðin, næstum jafn áberandi og lífræna líking Samuel Taylor Coleridge í *Biographia Literaria* (1815) (sjá Abrams 1953: 167-177). Við sjáum hina náúralísku tilhneigingu Stevens m.a. í eftirfarandi afórismum: „Jörðin er ekki bygging heldur líkami“,<sup>27</sup> „Líkaminn er besta ljóðið“<sup>28</sup> og „Maður les ljóð með taugunum“.<sup>29</sup> Joan Richardson (1988) segir í ævisögu sinni um Stevens að hann hafi verið í góðum tengslum við náttúruna og skilningarvitin, hann hafi haft trú á því að maður ætti að njóta líðandi stundar, svala skilningarvitunum og tengjast þannig náttúrunni (161). Í framhaldi af þessu má nefna að Frank Doggett segir að á milli huga og skilningarvita, hugsunar og skynjunar, rökhugsunar og innsæis, hafi Stevens yfirleitt valið síðari kostinn þar sem hann hafi stjórnað af „innri tilhneigingu skáldsins í átt að trausti líkamans í heimi milliliðalausrar reynslu“.<sup>30</sup>

Raunveruleikinn er því ekki í bakgrunni ímyndunarafllsins heldur er hann engu minni kraftur: „Raunveruleikinn er kraftur, ekki veik nærvera“, eins og Stevens skrifar í einum afórismanum.<sup>31</sup> Auk þess er titillinn á ritgerðasafni hans, *The Necessary Angel*, tilvísun í engil raunveruleikans í „Angel Surrounded by Paysans“, einu ljóða hans. Nokkrar línur hefur hann einnig sem forskrift að bókinni, en þær eru eftirfarandi: „Ég er hinn þarfi engill jarðar / Því, í minni sýn sjáið þið jörðina aftur“.<sup>32</sup> Og til að kristalla heit hans við jörðina eða raunveruleikann,

<sup>22</sup> „A poet looks at the world as a man looks at a woman“. *OP* 165.

<sup>23</sup> „Resistance is the opposite of escape“. *OP* 225.

<sup>24</sup> „Reality is the motif“. *OP* 170.

<sup>25</sup> „Reality is the spirit’s true center“. *OP* 177.

<sup>26</sup> „There must be something of the peasant in every poet“. *OP* 168.

<sup>27</sup> „The earth is not a building but a body“. *OP* 160.

<sup>28</sup> „The body is the great poem“. *OP* 168.

<sup>29</sup> „One reads poetry with one’s nerves“. *OP* 162.

<sup>30</sup> „He is governed by the inherent bias of the poet for the body’s faith in the palpable certainty of the world of immediate experience“. 1966: 142.

<sup>31</sup> „The world is a force, not a presence“. *OP* 172.

<sup>32</sup> „I am the necessary angel of earth, / Since, in my sight, you see the earth again“. 1990: 496.

kallar Stevens eftir ljóðum sem fjalla um raunveruleikann í stað óveraldlegra hugmynda: „bestu ljóð himna og helvítis hafa þegar verið skrifuð en besta ljóð jarðarinnar á eftir að skrifa“.<sup>33</sup>

Stevens á síður en svo við einfalt raunsæi sem hann segir að séu svik við raunveruleikann þar sem hann segir „[r]aunsæi [vera] [spillingu] raunveruleikans“.<sup>34</sup> Raunsæismenn vilja lýsa raunveruleikanum á sem vísindalegastan hátt, en Stevens er þeirrar skoðunar að enginn hlutlægur raunveruleiki sé til heldur fari hann eftir því hver upplifir hann eða frá hvaða sjónarhorni: „Raunveruleikinn er ekki hluturinn heldur ásýnd hlutarins“.<sup>35</sup> Stevens er fyrirbærafræðilegur og mórernískur að þessu leyti; þó maðurinn yrki um raunveruleikann er sá raunveruleiki alltaf túlkun þess sem skynjar—með ímyndunaraflinu og tilfinningunum. Einn afórísma Stevens bendir á að „[þ]að sé lífið sem við reynum að ná í ljóðlist“.<sup>36</sup> Hann á við lífið eins og því er lífað í raunveruleikanum sem hluti af náttúrunni en ekki í heimi hugmyndanna: „Viðfangsefni ljóðlistar er ekki ‚samansafn áþreifanlegra, staðbundinna hluta í rými‘ heldur lífið eins og því er lífað í aðstæðunum sem það gerist í; raunveruleiki er þess vegna ekki ytra borð hlutanna heldur lífið meðal þeirra“. Hann hamrar svo á þessu og segir „[r]aunveruleikinn [sé] hlutirnir eins og þeir eru“.<sup>37</sup>

Mikilvægasta eða umfangsmesta hugmynd Stevens er sú sem ég hef ákveðið að kalla „fyrsta skáldskapinn“ (e. *supreme fiction*), en gæti líka útlagst sem „hinn æðsti skáldskapur“ ef ekki væri fyrir aukamerkinguna sem þeirri þýðingu fylgdi og hefur verið benduð við hughyggju. Hugmyndina setur Stevens formlega fram í skáldskaparljóðinu „Notes Toward a Supreme Fiction“ árið 1942, í upphafi þess áratugar sem hann samdi flestar ritgerðir sínar, en þessa hugmynd er að finna í öllum ritverkum Stevens: bréfum, ljóðum, afórismum og ritgerðum. Í stuttu máli gengur hún út á það að maður eigi að trúá á skáldskap þó maður viti að hann sé skáldskapur, sbr. orð hans í „Adagia“: „Endanlega trúin er að trúá á skáldskap, sem þú veist að er skáldskapur, þar sem ekkert annað er mögulegt. Það góða við þetta er að þú veist að það sem þú trúir á er skáldskapur en þú trúir því engu að síður“.<sup>38</sup> „Fyrsti skáldskapurinn“ kemur til sögunnar

<sup>33</sup> „the great poems of heaven and hell have been written and the great poem of the earth remains to be written“. *NA* 142.

<sup>34</sup> „Realism is a corruption of reality“. *OP* 166.

<sup>35</sup> „Reality is not the thing but the aspect of the thing“. *NA* 95.

<sup>36</sup> „It is life that we are trying to get in poetry“. *OP* 158.

<sup>37</sup> „The subject-matter of poetry is not that ‘collection of solid, static objects extended in space’ but the life that is lived in the scene that it composes; and so reality is not that external scene but the life that is lived in it. Reality is things as they are“. *NA* 25.

<sup>38</sup> „The final belief is to believe in fiction, which you know to be a fiction, there being nothing else. The exquisite truth is to know that it is a fiction and that you believe in it willingly“. *OP* 163.

þegar Guði sleppir og maðurinn beinir sjónum sínum að sköpun mannsins á Guð í stað Guðs sjálfs, sem yfirnáttúrulegri veru. „Fyrsti skáldskapurinn“ á að koma í stað Guðs sem hvort sem er var skapaður af mönnunum: „Hugurinn sem í himnaríki skapaði jörðina og hugurinn sem á jörðu skapaði himnaríki var, eins og kom í ljós, hinn sami“.<sup>39</sup>

Fyrsti skáldskapurinn er í grunninn heiti yfir það að raunveruleikinn sé skáldskapur og er tilraun Stevens til að draga kjarna skáldskaparfræða sinna saman í eitt hugtak. Í hinum fyrsta skáldskap felst það, að í grunninn sé allt lífið skáldskapur. Í „The Irrational Element of Poetry“ segir hann til dæmis frá því hvernig hann skynjar ljóðveruleikann þegar köttur stígur léttfættur yfir snjóinn í morgunsárið:

Einum degi eða tveimur fyrir Þakkargjörðarhátíðina snjóaði lítillga í Hartford. Snjórinn bráðnaði eitthvað yfir daginn en fraus svo aftur um kvöldið, og myndaði þunna, skæra skurn á grasinu. Á sama tíma var tunglið næstum fullt. Ég vaknaði einu sinni nokkrum klukkutímum fyrir dögum og þar sem ég lá í rúminu heyrði ég næstum hljóðlaust fótatak kattar sem hljóp yfir snjóinn fyrir neðan gluggann minn. Veikt hljóðið og framandleiki þess vakti í mér eina af þeim tilfinningum sem eru svo oft fyrirvarar ljóðlistar.<sup>40</sup>

Jafnvel hversdagslegustu senur sem þessar eru ljóðlist af því þær snerta tilfinningar mannsins og taugar. Líkami mannsins gerir það óhjákvæmilegt að raunveruleikinn er túlkaður á þennan hátt. Maðurinn er líkami—„líffræðileg heild“—og hann bregst við umhverfi sínu eftir persónuleika, taugakerfi sínu og skapgerð (*NA* 120).

Þess vegna segir Stevens að ljóðlistin, sem er tilfinningaleg og mannleg sýn á heiminn, sé raunveruleikinn. Stevens heldur því fram að ljóðlist og raunveruleiki séu hið sama, eða *ættu* að vera hið sama af því hvoru tveggja byggir á líkingum sem mannshugurinn sækist eftir (*NA* 80). Maðurinn sér og skilur raunveruleikann á sama hátt og ljóðlist, þ.e.a.s. í líkingum og „[e]f sönnur hafa verið færðar fyrir þessu [þ.e. að maðurinn sjái heiminn í líkingum], samsvarar það því að segja að samsetning ljóðlistarinnar og samsetning raunveruleikans sé eitt eða, í rauninni, að

<sup>39</sup> „The mind that in heaven created the earth and the mind that on earth created heaven were, as it happened, one“.  
*OP* 176.

<sup>40</sup> „A day or two before Thanksgiving we had a light fall of snow in Hartford. It melted a little by day and then froze again at night, forming a thin, bright crust over the grass. At the same time, the moon was almost full. I awoke once several hours before daylight and as I lay in bed I heard the steps of a cat running over the snow under my window almost inaudibly. The faintness and strangeness of the sound made on me one of those impressions which one so often seizes as pretexts for poetry“.  
*OP* 217.

ljóðlist og raunveruleikinn séu hið sama, eða ættu að vera það“.<sup>41</sup> Og þess vegna segir hann að „[s]kálðskaparfræðin [séu] fræðin um lífið“,<sup>42</sup> þ.e.a.s. í lífinu og listinni er um sömu form, liti og tilfinningar að ræða, samanber áðurnefndan afórisma: „List, í víðri merkingu, er form lífsins eða tónn eða litur lífsins. Sem form (eða hugmynd) er hún oft óaðskiljanleg sjálfu lífinu“.<sup>43</sup> Ljóðlistin rennur enn meira saman við lífið og raunveruleikann í eftirfarandi afórismum þar sem ljóðlist (fulltrúi ímyndunarafslsins) er hluti af náttúrunni (fulltrúa raunveruleikans): „Lýsing er frumefni, eins og loft og vatn“<sup>44</sup> og „Veðrið er hluti af náttúrunni. Ljóðlist líka“.<sup>45</sup> Ef til vill virðast þessar fullyrðingar fjarstæðukenndar, en í rauninni er lýsing með orðum hluti af mannlegum veruleika eins og frumefnin af því við búum í samfélagi þar sem tungumálið er einn stærsti þátturinn. Og ljóðlist hefur jafnmikil áhrif á manneskjuna og veðrið.

#### 1.4 Móðernisti með formerkjum

Skiptar skoðanir eru um það hvar eigi að staðsetja Stevens innan heimspeki- og bókmenntasögunnar. Menn takast á um hvort hann sé hughyggjumaður eða raunhyggjumaður, táknsæismaður eða ekki, skáld hins óhlutbundna tungumáls eða fullur af tilfinningu og mannleika. Sú nálgun sem er algengust innan fræðasamfélagsins er að bera Stevens saman við heimspekinga og önnur skáld til þess að komast að uppruna síendurtekinna hugtaka eins og „óhlutbundið“ (e. *abstract*) og „ímyndunaraflið“, þ.e.a.s. hvað hann eigi raunverulega við og hvort vegi þyngra, ímyndunaraflið eða raunveruleikinn. Stevens hefur verið borinn saman við næstum alla þá heimspekinga sem hann nefnir í ritgerðum sínum og bréfum. Þar má nefna George Santayana, Henri Bergson og Alfred Whitehead, og einnig hefur verið bent á tengingar við George Berkeley og Sigmund Freud.<sup>46</sup> Þá hefur hann líka verið borinn saman við önnur skáld, og þá sérstaklega rómantísku skáldin.<sup>47</sup> En jafnvel þar sem Stevens viðurkennir áhrifin,

<sup>41</sup> „If this has been demonstrated, it pretty much amounts to saying that the structure of poetry and the structure of reality are one or, in effect, that poetry and reality are one, or should be“. *NA* 81

<sup>42</sup> „The theory of poetry is the theory of life“. *OP* 178.

<sup>43</sup> „Art, broadly, is the form of life or the sound or color of life. Considered as form (in the abstract) it is often indistinguishable from life itself“. *OP* 158.

<sup>44</sup> „Description is an element, like air or water“. *OP* 170.

<sup>45</sup> „Weather is a sense of nature. Poetry is a sense“. *OP* 161.

<sup>46</sup> Til dæmis má nefna bækurnar *The Clairvoyant Eye: The Poetry and Poetics of Wallace Stevens* eftir Joseph N. Riddell (1967b), *Stevens' Poetry of Thought* eftir Frank Doggett (1966) og *Wallace Stevens and Poetic Theory: Conceiving the Supreme Fiction* eftir J.B. Leggett (1987). Riddell bendir einnig á tengingar við Berkeley og Joan Richardson (1988) bendir á tengingar við Freud.

<sup>47</sup> Joseph Carroll í *Wallace Stevens' Supreme Fiction: A New Romanticism* (1987) hefur borið Stevens saman við rómantísku skáldin.

eins og í ritgerðunum, er ómögulegt að tengja hugmyndir hans hugmyndum annarra af því hann gerir þær að sínum eigin. Eins og Riddell segir velur Stevens þá menn sem á einhvern hátt styðja hans fyrirfram mótuðu hugmynd um að raunveruleikinn sé ljóðlist, að „[a]f hans eigin ástæðum leitaði hann uppi hugmyndir sem studdu innsæi hans“.<sup>48</sup>

Jafnframt eru skiptar skoðanir á því hvort hugmyndir Stevens hafi tekið breytingum í gegnum árin eða ekki. Sumir segja að Stevens hafi aldrei komist að neinni niðurstöðu um samband ímyndunaraflsins og raunveruleikans, hvort um sig væri jafn mikilvægt, en aðrir sjá þróun frá tvíhyggju í átt til áherslu á raunveruleikann. Joseph N. Riddell, einn helsti sérfræðingurinn í Stevens, er þeirrar skoðunar að hið mannlega sé aðalmerki Stevens. Á hefðbundinn hátt segir Riddell hið mannlega þó eingöngu eiga sér stað í huganum; lífinu sé lifað innra með mannum en ekki í raunveruleikanum (1967b: 4). J. Hillis Miller (1968) segir Stevens hins vegar vera skáld raunveruleikans, ímyndunaraflið togi í hann, en raunveruleikinn endi alltaf ofan á. Svo má nefna Joseph Carroll sem túlkar Stevens á há-rómantískan hátt en hann segir að „þróun ljóðaferils Stevens [sé] best lýst sem baráttu við frumspekilegar takmarkanir einfaldrar tvíhyggju til þess að ná fram algjörum yfirráðum ljóðlistar“.<sup>49</sup> Hvað það nákvæmlega þýðir er óljóst en samkvæmt Carroll er Stevens hugsjónamaður og æðsti prestur, sjáandi og skapari goðsagna og Carroll túlkar þá áðurnefnda afórísma sem varða ofurkraft ímyndunaraflsins og aðra, eins og t.d. að „[l]jóðskáldið [sé] prestur hins ósýnilega“,<sup>50</sup> sér í vil. Hugmynd Stevens um „fyrsta skáldskapinn“ fellur fullkomlega að þessari rómantísku hugmynd sé horft fram hjá aðalatriðinu, þ.e. að hugmynd hans verður til sem mótsvar við dauða Guðs og vantrú á hvers konar handanveruleika og yfirnáttúru.

Mín skoðun er sú að hugmyndir Stevens um samband ímyndunarafls og raunveruleika hafi tekið breytingum eftir því sem hann hugsaði lengur um efnið en grundvallarkoðun hans hafi ekki breyst. Með öðrum orðum tel ég að frá upphafi hafi hann verið gegn tvíhyggju og, eins og Joan Richardson skrifar, að hann hafi frá upphafi barist gegn hvers kyns tvíhyggju (160). Það skiptir því ekki máli hvar tekið er niður í ritgerðir, ljóð, bréf eða afórísma, Stevens er alltaf að reyna að tjá hið sama; að raunveruleikinn og ímyndunaraflið séu hið sama: hvorugt hafi meira vægi heldur séu þau hvoru tveggja órjúfanlegur þáttur upplifunar mannsins á heiminum.

<sup>48</sup> „For his own purposes, clearly, he sought ideas to support his intuitions“. 1967b: 270.

<sup>49</sup> „the course of [Stevens's] poetic development can best be understood as a struggle to overcome the metaphysical limitations of a simple dualism and to achieve the poetic absolute“. 1987: 1.

<sup>50</sup> „The poet is the priest of the invisible“. *OP* 169.

Þá er Stevens, að mínu mati, óumdeilanlega móðernisti, eða eins og A. Walton Litz (1977) segir: Stevens tilheyrði móðernismanum á sinn eigin hátt (111), þ.e. með nokkrum formerkjum. Auðvitað tilheyrir hvert og eitt skáld móðernismanum, eða hvaða annarri stefnu, á sinn hátt, en Stevens sker sig sérstaklega frá öðrum móðernistum hvað varðar sterk rómantísk áhrif, þar sem móðernistar höfnuðu flestir rómantikinni (þó skáld eins og T.S. Eliot og Ezra Pound hafi í raun verið undir töluverðum áhrifum frá henni). Hin sterku rómantísku áhrif eru órjúfanlegur hluti áhuga Stevens á sambandi ímyndunaraflsins og raunveruleikans, rökhugsuninni og tilfinningunum, og ekki síst líkamanum. Þau eru að finna víða í verkum Stevens, t.d. í hugmynd hans um ljóðlist sem tjáningu skáldsins á sinni heimssýn (NA 121), þ.e. að raunveruleikinn sé litaður tilfinningum og skapgerð skáldsins (NA 120) og hugmynd hans um „ljóðskáldið“ sem nokkurs konar hetju. Sterkust eru þó áhrifin á ímyndunaraflið en Stevens erfir ímyndunaraflið beint frá Coleridge sem hann hampar í „The Youth as Virile Poet“: „Almennt í ljóðlist, eins og almennt með ímyndunaraflið, eða hvað varðar nálgun sannleikans, eða, segjum, hvað varðar það að vera til í gegnum ímyndunaraflið, þá er Coleridge einn af mikilverðustu mönnunum“.<sup>51</sup>

Stevens var sammála Coleridge sem skrifar í *Biographia Literaria* að ímyndunaraflið sé sköpunarkraftur mannsins; að maðurinn hreinlega skynji heiminn með því, eða: „Fyrsta stigs ÍMYNDUNARAFLIÐ tel ég vera lífskraft og aðaleinkenni allrar mannlegrar skynjunar“.<sup>52</sup> Eins og þegar hefur komið fram er ímyndunaraflið hjá Stevens jafn kraftmikið. Stevens segir í raun að maðurinn sé ímyndunaraflið, *Homo imaginens* frekar en *Homo sapiens*. Í einum afórismanum segir hann þetta þannig: „Manneskjan er ímyndunaraflið eða öllu heldur er ímyndunaraflið manneskjan“.<sup>53</sup> Hillis Miller þjappar kjarna skáldskaparfræða Stevens saman í afórisma sem inniheldur alla hina og er svohljóðandi: „Ímyndunaraflið er raunveruleikinn er hin eina snilli er lífið er ljóðlist er kenning um ljóðlist er kenning um lífið er orð er sjálfið er Guð er lausn úr viðjum“.<sup>54</sup> Með enn öðrum orðum er ímyndunaraflið *allt* af því skáldið sér heiminn í gegnum það.

<sup>51</sup> „As poetry goes, as the imagination goes, as the approach to truth, or, say, to being by way of the imagination, Coleridge is one of the great figures“ . NA 41.

<sup>52</sup> „The primary IMAGINATION I hold to be the living power and prime agent of all human perception“ . 2006: 477.

<sup>53</sup> „Man is the imagination or rather the imagination is the man“ . OP 177.

<sup>54</sup> „Imagination is reality is the only genius is life is poetry is the theory of poetry is the theory of life is words is the ego is God is redemption“ . 1969: 275.

Það sem skilur Stevens og hið rómantíska sérstaklega að er trúin á hið yfirnáttúrulega. Ímyndunaraflið hjá Stevens kemur manningnum ekki í tengsl við hið yfirnáttúrulega heldur er það veraldlegt. Með öðrum orðum vegur raunveruleikinn þyngra hjá Stevens en Coleridge. Roy Harvey Pearce (1980) tengir ímyndunaraflið og módernismann saman í ljóðum Stevens sem varða skynjun skáldsins í einfaldleika sínum og minna á hugleiðslu. Stevens var í seinni tíð hrifinn af Búddha og samkvæmt ævisögu Joan Richardson las hann fræðin og safnaði stytum af honum (1988: 181, 152). Pearce segir hugleiðsluljóðin sverja sig í ætt við „móderníska“ tíðarandann (298), en eitt aðaleinkenni módernismans var „niðurskurður“ (e. *decreation*) á þeim „óþarfa“ sem hafði hlaðist upp í gegnum aldirnar, eða hefðinni, og tilraun til að horfa inn á við. Pearce heldur því fram að Stevens skeri niður gefnar hugmyndir og fordóma þangað til hann er kominn að skynjuninni eða upplifuninni einni saman, sjálfinu sem stendur frammi fyrir raunveruleikanum. Það er ekki fyrr en skynjunin ein er eftir að maðurinn tekur eftir því að raunveruleikinn er ætíð skapaður eða litaður honum sjálfum (289). Þetta er sem sagt grunnur „fyrsta skáldskaparins“.

Joseph N. Riddell segir að „skáldskaparfræði Stevens, í nokkurri einföldun, [hefjist] á hinum raunverulega vanda sem sjálfið stendur frammi fyrir þegar það er ekki lengur sál“.<sup>55</sup> Guð er dauður og styrjaldir geisa þegar Stevens skrifar skáldskaparfræði sín um miðbik tuttugustu aldar, áreiti sem hann kallar skiljanlega „þunga raunveruleikans“ (e. *the pressure of reality*) og á við stanslausar fréttir af yfirvofandi hættu stríðsins (*NA* 20). Stevens leit á ljóðið bæði sem viðbragð gegn og lækningu við firringu samfélagsins en hann segir að „[l]jóðlist [sé] meðal hugans“.<sup>56</sup> Tilvistarspekin blómstraði á stríðsárunum; lífið virtist tilgangslausara en áður þegar enginn vakti yfir því og verndaði mennina eða réttlætti dauðann úti um allt. Stevens nær hinu tilvistarlega vandamáli vel í einum afórismanum: „Lífið er ekki hægt að byggja á fræðum, þar sem það er náttúrulega byggt á eðlisávísun. Fræðin eru, samt sem áður, yfirleitt ekki langt undan og venjulega í togstreitunni á milli fræðanna og eðlisávísunarinnar“.<sup>57</sup> Maðurinn er sem sagt hluti af náttúrunni, órökræn tilfinningavera, en hann er líka gæddur rökhugsun og reynir að ná utan um hlutina og skýra þá. Hinu órökræna eðli sjálfu er ekki hægt að ná með hugtökum en

<sup>55</sup> „Stevens’ poetics, to put it all too simply, begins with the very real problem of a self that is no longer a soul“. 1967b: 25.

<sup>56</sup> „Poetry is a cure of the mind“. *OP* 176.

<sup>57</sup> „Life cannot be based on a thesis, since by nature, it is based on instinct. A thesis, however, is usually present and living in the struggle between thesis and instinct“. *OP* 160.

maðurinn er hins vegar alltaf að reyna það, eins og annar afórismi segir: „Það er lífið sem við erum að reyna að ná í ljóðlist“.<sup>58</sup>

Gregory Brazeal gagnrýnir hugmynd Stevens um „fyrsta skáldskapinn“ í grein sem hann kallar „The Supreme Fiction: Fiction or Fact?“ (2007). Brazeal tekur dæmi af fjölda bréfa sem Stevens skrifaði þar sem honum þykir augljóst að fyrsti skáldskapurinn sé ekki fullmótuð hugmynd eða möguleiki yfirhöfuð. Stevens, segir Brazeal, viðurkenni meira að segja að hann viti ekki nákvæmlega hvað hann eigi við með hugmyndinni, hvort „fyrsti skáldskapurinn“ sé hugmynd, trú, viðfang, óhlutbundinn eða hlutbundinn: „Ég ætti að viðurkenna að ég hef ekki enn afmarkað fyrsta skáldskapinn. [...] Ég vil ekki fullyrða að ég eigi ekki við ljóðlist; ég veit ekki hvað ég á við“.<sup>59</sup> Brazeal segir fyrsta skáldskapinn auk þess ekki standast almenna skynsemi, hugmyndin sé rökvilla þar sem það gangi einfaldlega ekki upp að trú á eitthvað sem maður veit að er lygi. Hugmyndin sé byggð á algengum mislestri á hugmynd William James um viljann til að trúa (97).

Hvað varðar mislestur á William James tel ég nokkuð ljóst að Stevens hafi notað hugmyndina rétt. Brazeal vitnar í klaufalega orðað bréf Stevens þar sem skáldið heldur því fram að maðurinn trúir því sem hann viti að sé skáldskapur. Stevens nefnir í þessu bréfi samtal sitt við stúdent sem hafði sagt það ómögulegt að trúa einhverju sem maður viti að sé ekki satt, en Stevens segir:

Það er, aftur á móti, augljóst að við erum alltaf að því. Það eru til dæmi þess efnis að við veljum að leggja vantrú okkar til hliðar; ef innra með okkur er vilji til að trúa, eða ef til er vilji til að trúa, hvort sem það er af eðlisávísun eða ekki, virðist það vera svo að við getum lagt vantrú okkar til hliðar með tilliti til skáldskapar jafn auðveldlega og gagnvart hverju öðru.<sup>60</sup>

Svo segir Stevens að himnaríki sé slíkur skáldskapur. Þetta er klaufalega orðað vegna þess að Stevens talar bæði út frá alvitru sjónarhorni, sem „veit“ að himnaríki er ekki til, og frá sjónarmiði þess sem virkilega trúir á himnaríki. Hugmynd William James snýst um það að sannleikurinn sé

<sup>58</sup> „It is life that we are trying to get in poetry“. *OP* 158.

<sup>59</sup> „I ought to say that I have not yet defined a supreme fiction. [...] I don't want to say that I don't mean poetry; I don't know what I mean“. Brazeal 2007: 92; Stevens 1996: 435.

<sup>60</sup> „It is obvious, however, that we are doing that all the time. There are things with respect to which we willingly suspend disbelief; if there is instinctive in us a will to believe, or if there is a will to believe, whether or not it is instinctive, it seems to me that we can suspend disbelief with reference to a fiction as easily as we can suspend it with reference to anything else“. Stevens 1996: 430.



afstæður þegar um persónuleg hugðarefni er að ræða, málefni þar sem vísindin geti engu svarað. Hvort Guð er til veit í rauninni enginn, og það skiptir ekki máli, heldur það hvort það skipti einhvern persónulegu máli. Af höfundarverki Stevens er augljóst að hann skilur sannleika á pragmatískan hátt: „Sannleikur er það sem við upplifum þegar við erum sammála raunveruleikanum“,<sup>61</sup> segir hann, en „sannleikur ljóðlistar er sammæli við raunveruleikann, komin til vegna ímyndunaraflsins, sem [maður] trúir, um tíma, að séu sönn, tjáð með tilfinningum eða, af því það er færri takmörkunum háð, með persónuleika hans“.<sup>62</sup> Stevens segir að enginn tilgangur sé með lífinu nema sá sem maðurinn býr til: Guð sé stærsta sköpunarverk mannsins hingað til. Fyrir þá sem ekki trúa lengur á Guð verður eitthvað að koma í staðinn því maðurinn hefur þörf fyrir að nota ímyndunaraflíð. „Fyrsti skáldskapurinn“ er ekki fullmótuð kenning heldur tilraun til þess að átta sig á því hvernig maðurinn skapar hugmyndir sem svo hafa áhrif á hann sjálfan.

## 1.5 Í átt að hugrænum fræðum

Margir gagnrýnenda Stevens hafa komist nálægt því að skilja Stevens með því að leyfa „mótsögnunum“, ímyndunarafli og raunveruleika, að spila saman. J. Hillis Miller segir t.d. að „[e]f allir þættir lífsins eru jafnir eru ímyndunaraflíð og raunveruleikinn ekki andstæðir pólar, sem draga að og hrinda frá sér hvoru öðru í óleysanlegri togstreitu“, eins og eðlilegt þætti, heldur eru hugtökin „tvö heiti yfir sama hlutinn“.<sup>63</sup> Frank Doggett segir að eini rauði þráðurinn í hugmyndum Stevens sé „í grunninn náúralískur“ („a fundamental naturalism“) og á við veigamikinn þátt sjálfrar skynjunarinnar og jarðarinnar í textum Stevens (ix). Hann lýsir því meðal annars að í ljóðum Stevens sé „hugurinn af rótum líkamans“<sup>64</sup> og að „meðvitund mannsins sé ætíð líkamsmótuð, ætíð blóðug“.<sup>65</sup> Robert Pack er ef til vill sá sem kemst næst hugrænni nálgun en hann skrifar að „[s]kilningur okkar á hlutunum (ásýnd þeirra) er sköpunarverk

<sup>61</sup> „the truth that we experience when we are in agreement with reality is the truth of fact“. NA 59.

<sup>62</sup> „poetic truth is an agreement with reality, brought about by the imagination, which [a man] believes, for a time, to be true, expressed in terms of his emotions or, since it is less of a restriction to say so, in terms of his own personality“. NA 54.

<sup>63</sup> „If all the elements of life are equivalent, imagination and reality are not opposite poles, attracting and repelling one another in irreconcilable tension. They are two names for the same thing“. 1969: 276.

<sup>64</sup> „The mind is rooted within the body“. 1966: 51.

<sup>65</sup> „Human consciousness is always embodied, always blooded“. Sama heimild: 153.

ímyndunaraflsins, sem býr til skarpari raunveruleika úr ‚hlutunum eins og þeir eru‘ með því að lýsa upp með eigin ljósi heim sem væri annars grár af staðreyndum og tilfinningaleysi“. <sup>66</sup>

Þessir fræðimenn hafa þó allir verið bundnir af samtíma sínum, þ.e. þeim hugmyndum sem voru ríkjandi á þeirra tíma, og ekki getað horft fram hjá andstæðunum að öllu leyti. Hillis Miller leggur meiri áherslu á raunveruleikann á endanum, Doggett fjallar um natúralismann í tengslum við fræði frekar en raunverulega merkingu hans og Pack les tengingu huga og raunveruleika sem „vensl“ eða „samstæður“ (e. *correspondance*) í stíl við frönsku táknsæisstefnuna. Hvorki vísindin, heimspekin né bókmenntafræðin bauð upp á aðrar lausnir. Stevens sjálfur vissi ekki einu sinni við hvað hann átt (sbr. gagnrýni Brazeal hér að ofan), en fylgdi innsæi sínu frekar en hefðbundnum leiðum.

Stevens var trúr upplifun sinni á raunveruleikanum, þó hún væri andstæð hefðbundnum skilningi á aðskilnaði skáldskapar og raunveruleika. Hann var ekki heimspekingur heldur ljóðskáld, hrifnari af raunveruleikanum og lífinu sjálfu heldur en fræðunum. Það er nefnilega tilvera mannsins í heiminum sem skiptir Stevens mestu máli:

Heimspekingurinn sannar að heimspekingurinn er til. Ljóðskáldið einfaldlega nýtur tilverunnar. Heimspekingurinn hugsar um heiminn sem gríðarstóra stælingu eða, eins og hann kemst að orði, heimurinn er eins og sá sem skynjar sér hann. Þannig segir Kant að viðfangsefni skynjunarinnar séu skilyrt af eðli hugans og formi hlutanna sjálfra. Ljóðskáldið segir, að hverju sem því líður, þá [sé] *lífið sjálft fallegra en hugmyndirnar*.<sup>67</sup>

Stevens vill lýsa raunveruleikanum eins og hann er upplifaður af manningnum sem er hluti af náttúrunni, en ekki utan hennar eins og fræðin vilja gera. Ljóðlist er æðri heimspekinni af því ljóðlistin er bæði trú raunveruleikanum og ímyndunaraflinu en heimspekin eða fræðin eru aðeins trú raunveruleikanum.

Stevens skrifar í lok skáldskaparljóðsins „Notes Towards a Supreme Fiction“: „Þau munu skilja það einn daginn í Sorbonne. / Við munum koma af fyrirlestrinum í ljósaskiptunum /

<sup>66</sup> „Our sense of things (their seeming) is the product of the imagination, which creates a heightened reality from ‚things as they are‘ by illuminating with its own light a world that is otherwise dark with fact and devoid of feeling“. 1958: 90.

<sup>67</sup> „The philosopher proves that the philosopher exists. The poet merely enjoys existence. The philosopher thinks of the world as an enormous pastiche or, as he puts it, the world is as the percipient. Thus Kant says that the objects of perception are conditioned by the nature of the mind as to their form. But the poet says that, whatever it may be, *la vie est plus belle que les idées*“. NA 56.

Ánægð með að hið órökræna sé rökrænt“.<sup>68</sup> Eins og áður segir setur Stevens fram kenningu sína um hinn „fyrsta skáldskap“ í ljóðinu; kenninguna um að raunveruleikinn sé ljóðlist eftir allt saman, þó það sé órökrænt eða fjarstæðukennt. Og hann spáði rétt, því í dag hafa komið fram kenningar sem gera það óþarft að velja ímyndunaraflið yfir raunveruleikann eða öfugt. Fræðimenn sem aðhyllast líkamsmótunarkenninguna innan hugrænna fræða hafa fært sterk rök fyrir því að hið órökræna er rökrænt og að hugur mannsins einkennist af líkingum og skapandi hugsun. Það kom þá að því að háskólarnir áttuðu sig á því að hið órökræna er rökrænt og að djörf skáldskaparfræði Stevens ganga upp.

---

<sup>68</sup> „They will get it straight one day at the Sorbonne. / We shall return at twilight from the lecture / Pleased that the irrational is rational“. 1990: 406.

## 2. Hugræn fræði

### 2.1 Hugræn fræði

Hugræn fræði er regnhlífarhugtak yfir þverfaglega stefnu innan margra og ólíkra fræðigreina, m.a. taugavísindi, líffræði, heimspeki, mannfræði og sálfræði. Ekki er um heildstæða stefnu að ræða sem gefið hefur út yfirlýsingu því í rauninni eiga hugrænir fræðingar aðeins það eitt sameiginlegt að vilja varpa ljósi á hugræna þætti mannsins með þverfaglegum aðferðum (Abrahamsen & Bechtel 2012: 9-10). Ólíkar skoðanir takast á innan fræðanna á öllum sviðum og eru menn ósammála um það hvernig skýra megi mannshugann, skynjun, tilfinningar, minni, tungumálakunnáttu og aðra hugræna þætti. En með því að nýta sér uppgötvanir ólíkra fræðigreina eru fræðimenn betur í stakk búnir til þess að varpa ljósi á hvernig skilja megi hugræna tilveru mannsins, eins og félagslega þátttöku, sálarlíf, áföll, o.s.frv., eftir fræðisviði hvers og eins.

Nýverið hafa uppgötvanir hugrænna fræða blásið nýju lífi í hugvísindi enda eru bókmenntir og listir afurðir hugrænna þátta mannsins og fjalla oft sérstaklega um þá. Eins og Frederick Luis Aldama (2010) segir þá eru bókmenntir jafnstór hluti þeirrar þekkingar sem maðurinn hefur aflað sér í gegnum aldirnar, og því verðugt skoðunarefni hugrænna fræða (1). Bókmenntir og listir tengjast auðvitað náið öðrum greinum sem fjalla um tilveru mannsins, eins og líffræði, taugavísindum, þróunarfræði, sögu o.s.frv. (Turner 2002: 19). Allar þessar fræðigreinar varpa ljósi á hugræna þætti mannsins á sinn hátt. Eins og taugavísindi geta útskýrt hvað á sér stað í taugunum þegar við skynjum, getur líffræðin fjallað um gerð augans og hvernig það skynjar og þróunarfræði skoðað augu apa og borið saman við augu mannsins. Eins geta bókmenntir, samkvæmt Patrick Colm Hogan, beinlínis komið að gagni við að varpa ljósi á hugræna þætti mannsins. Hin hefðbundna skoðun er að bókmenntir hafi ekkert með alvöru lífsins að gera; þær séu leikur en ekki nauðsyn, en í rauninni kemur það fram í bókmenntum og listum hvernig maðurinn upplifir heiminn, ekki aðeins hvernig upplifun hans lítur út á heilaskanna eins og jafnan í raunvísindum. Eins og Aldama segir Hogan að hugvísindi hafi fjallað um mannshugann lengur en vísindamenn, sem aðeins nýlega hafa öðlast tæknina til þess að skoða hann. Hogan skrifar í inngangi *Cognitive Science, Literature and the Arts: A Guide for Humanists* að

listirnar ættu ekki að vera jaðarsvæði þangað sem uppgötvanir í hugrænum fræðum eru dregnar eftir að þær eru gerðar annars staðar. Listirnar eru miðlæggar í lífi okkar [...] [Þær] eru ekki jaðargrein til þess að reyna að skilja mannshugans. Þær eru ekki einu sinni einn af mikilvægustu þáttunum. Þær eru sjálfur miðpunkturinn.<sup>69</sup>

Mark Johnson er heimspekingur og hefur mikið fjallað um hinn kartesíska aðskilnað huga og líkama, en hann hefur einnig fjallað um listir út frá líkamsmótunarkenningunni. Í *The Meaning of the Body* (2007) leggur hann út af hugrænum fræðum, taugavísindum, og bandarísku pragmatistunum William James og John Dewey til þess að færa rök fyrir mikilvægi líkamans í listum. Johnson segir að bókmenntir og listir séu ekki aðskildar líkamanum heldur felist merking listanna í líkamlegri merkingu sem tengist í grunninn „viðskiptum“ líkamans og umhverfisins: „Við fæðumst inn í þennan heim sem verur af holdi og blóði, og það er í gegnum líkamlegar skynjanir, hreyfingar, geðshræringar, og tilfinningar sem merking verður möguleg og tekur á sig þau form sem hún gerir“.<sup>70</sup> Grunnformgerðir skilnings mannsins eru það sem hann kallar myndmót (e. *image-schemas*), en það eru óhlutbundin endurtekin mynstur viðskipta líkamans við umhverfi sitt. Ásamt George Lakoff hefur hann einnig skrifað um einkenni líkinga á venjubundinni hugsun mannsins. Auk þess byggir hann á kenningum Antonio Damasio, sérfræðingi í taugavísindum, um þátt tilfinninga í vitsmunastarfi mannsins.

Í þessum kafla fjalla ég sérstaklega um hvernig hugur og líkami eru samtengdir og þá líkamlega þætti sem gera það að verkum að raunveruleikinn er bókmenntalegur. Ég mun að mestu styðjast við kenningar Johnson og því næst Lakoff, en einnig verður hugmyndum Damasio gert nokkur grein, að því leyti sem þær tengjast hugrænum fræðum og hugmyndum Johnson sérstaklega. Jafnframt mun ég flétta kenningar Stevens sem farið var yfir í fyrsta kafla saman við einstaka þætti jafnóðum, en þær falla oft vel að kenningum ofangreindra.

## 2.2 Líkamsmótunarkenningin

Hin ríkjandi skoðun innan hugrænna fræða á því hvernig heili mannsins virkar er „tölvulíkanskeningin“ (e. *the computational theory of mind*), en samkvæmt henni er heilinn eins og stafræn tölva sem vinnur með upplýsingar (Von Eckhardt 2012: 29). Tölvulíkanskeningin

<sup>69</sup> „the arts should not be some marginal area to which cognitive discoveries are imported after they are made elsewhere. Arts are central to our lives. [...] [T]he arts are not marginal for understanding the human mind. They are not even one somewhat significant area. They are absolutely central“. 2003: 2-3.

<sup>70</sup> „We are born into the world as creatures of the flesh, and it is through our bodily perceptions, movements, emotions, and feelings that meaning becomes possible and takes the form it does“. Johnson 2007: ix.

fellur undir „táknervískenninguna“ (e. *the representational theory of mind*), sem gerir ráð fyrir því að hugsanir séu „táknmyndir“ eða „eftirmyndir“ af raunveruleikanum, þ.e.a.s. að raunveruleikinn sé „viðfang“ hugsananna (kallað „intentionality“ á ensku): „Samkvæmt „viðfangsstefnunni“ (e. *intentionalism*) er skynjun, eins og að trú á eitthvað eða þrá eftir einhverju, fólgin í því að tákna hluti á ákveðin hátt. Skynjanir hafa þess vegna efnistak sem svarar til þess sem þær fjalla um, á sama hátt og dagblöð, en ekki fötur, innihalda eitthvað efni“.<sup>71</sup>

Til eru aðrar kenningar sem víkja mismikið frá táknervískenningunni (sjá von Eckhardt 2012: 42-44). Sú sem ég fylgi hér kallast líkamsmótunarkenningin en samkvæmt henni eru hugrænir þættir mannsins „líkamsmótaðir“ (e. *embodied*). Þó tölvulíkanskeningin líti á hugræna þætti sem hluta af líkamanum gerir hún ekki grein fyrir þætti líkamans sjálfs í hugsun nema að litlu leyti. Mark Johnson telur að hin ríkjandi kenning leysi ekki vandamál tvíhyggjunnar af því hún aðskilji huga frá líkama og tilfinningum (2007: 116). Einn stærsti galli tölvulíkanskeningarinnar, að hans mati, er að samkvæmt henni felur hugsun í sér að verið er að hugsa um eitthvað sérstakt, að hún er með viðfang sem slíkt (þ.e. „intentionality“ kenningarinnar) en ef hún er *um* raunveruleikann hlýtur hún að vera aðskilin honum að einhverju leyti.

Grundvöllur líkamsmótunarkenningarinnar er að maðurinn hefur líkama og er til í rými. Kenningin er undir áhrifum fyrirbærafræðinnar og er fyrirbærafræðilega sjónarhornið greinilegt af umfjöllun Johnson sem lítur á hugsanir sem aðferð líkamans til að eiga samskipti við umhverfið. Hugsanir „eru *í* og *af* heiminum (frekar en *um* hann eingöngu) af því þær eru ferli reynslu“.<sup>72</sup> Hann lýsir þessu enn frekar þannig: „Hugun er lífrænt, líkamsmótað ferli gagnvirkni þar sem líkaminn er virkur í umhverfi sínu en ekki aðskilinn eða firrtur því. Það er þess vegna engin þörf fyrir innri hugmyndir sem einhvern veginn ná því sem er fyrir utan (heiminum). Við erum, *í* staðinn, *í* og *af* heiminum“.<sup>73</sup> Vitsmunastarf felst því ekki í því að ákveðinn og afmarkaður hugur fáist við birtingarmynd af ákveðnum og afmörkuðum raunveruleika heldur er

<sup>71</sup> „According to intentionalism, perceiving, like believing and desiring, involves representing things to be a certain way. Perceptual states thus have *content* corresponding to what they are about, in the sense in which newspapers, in contrast to buckets, have contents“. O’Callaghan 2012: 75.

<sup>72</sup> „They are *in* and *of* the world (rather than just being *about* the world) because they are processes of experience“. Johnson 2007: 117.

<sup>73</sup> „[C]ognition is an organic, embodied process of enaction in which the organism is dynamically engaged with its surroundings and is not separated or alienated from them. So, there is no need for inner ideas that could somehow capture what is outer and other (the world). We are, instead, *in* and *of* the world“. Johnson 2007: 145.

þekking háð því að vera í heiminum, umluktur tungumáli, menningu og sögu (Varela o.fl. 1993: 150).

George Lakoff heldur því fram að hin nýja kenning líti á „skapandi þætti rökhugsunar—myndlíkingar, nafnskipti, og myndmál hugans—sem kjarnann í rökhugsun, frekar en að þeir séu á jaðrinum og lítilvægir í hinu bókstaflega“.<sup>74</sup> Merking er samkvæmt líkamsmótunarkenningunni ekki bundin tungumáli heldur líkamanum áður en hún verður meðvituð og hún er ósögð og ómeðvituð (Johnson 2007: 144). Þýðing (e. *meaning*) er óendanlega víðari en hlutlæg merking orða og hugtaka eða sannleikur því þýðing nær yfir „eiginleika, geðshræringar, skynjanir, hugtök, myndir, myndmót, myndhverfingar, nafnskipti, og ýmsar aðrar smíðar ímyndunaraflsins“.<sup>75</sup> Þannig snýst þýðing ekki um sannanir fullyrðinga og hugtök heldur það sem hefur þýðingu gagnvart líkama okkar, tilfinningum og gildum (Johnson xi).

### 2.2.1 Merkingarvilla Descartes

Þó Antonio Damasio sé ekki hugrænn fræðingur hefur hann haft mikil áhrif á hugræn fræði og þá sem aðhyllast líkamsmótunarkenninguna. Í *Descartes' Error* (2006 [1994]), færir Damasio rök gegn tvíhyggju Descartes en Damasio er á sama máli og Johnson hvað varðar skynjun og hugsanir sem hann segir að séu „sennilega óhugsandi án einhvers konar líkamsmótunar“.<sup>76</sup> Mótsvar Damasio við hinni frægu fullyrðingu Descartes, „Ég hugsa, þess vegna er ég“, er eftirfarandi: „í upphafi var veran en síðar var hugsunin. [...] Við erum, og svo hugsum við, en við hugsum aðeins svo lengi sem við erum, þar sem hugsun er sannarlega afleiðing þeirrar líkamsgerðar og þeirra kerfa sem það að vera til felst í“.<sup>77</sup> Með öðrum orðum verður maðurinn að hafa líkama til þess að hugsa og skapa merkingu.

<sup>74</sup> „The new view takes imaginative aspects of reason—metaphor, metonymy, and mental imagery—as central to reason, rather than as a peripheral and inconsequential adjunct to the literal“. 1987: xi.

<sup>75</sup> „qualities, emotions, percepts, concepts, images, image schemas, metaphors, metonymies, and various other imaginative structures“. Johnson 2007: 268. Atli Ingólfsson notar orðið „merking“ í tvennum skilningi: „Annars vegar um tilvísun orða, eða inntak, sem oft er hægt að útskýra með öðrum orðum. [...] Hins vegar [...] um fagurfræðilega eða sálræna merkingu, t.d. þegar sagt er að staðsetning orðs hafi áhrif á merkingu þess. Þá er oftast en ekki verið að tala um ósegjanlega merkingu, en engu að síður mikilvæga“ (7). Í fyrirlestri í námskeiðinu Keith Oatley og hugræn fræði við Háskóla Íslands haustönn 2012 kallaði hann fyrri skilninginn „merkingu“ en hinn síðari „þýðingu“ og hér fylgi ég honum í því.

<sup>76</sup> „Mind is probably not conceivable without some sort of *embodiment*“. 2006: 234.

<sup>77</sup> „in the beginning it was being, and only later was it thinking. [...] We are, and then we think, and we think only inasmuch as we are, since thinking is indeed caused by the structures and operations of being“. 2006: 248.

Í fyrsta lagi er hugurinn hluti af líkamanum. Hugsanir eru ekki óefnislegar eigindir, þó þær séu að vísu óhlutbundnar, heldur taugaboð sem berast heilanum frá líkamanum og öðrum hlutum hans sjálfs, skilaboð sem verða að myndum (e. *images*) þegar heilinn vinnur úr þeim og „endursýnir“ með öðrum taugaboðum innan sjálfs síns. Þessar myndir eru ekki „birtingarmyndir“ samkvæmt tölvulíkanskeningunni heldur taugamynstur sem verða að hugarmynstrum (Damasio 1999: 321). Við sjáum heiminn ekki eins og ljósmynd heldur fer sjónskynjun fram í gegnum keilur og stafi í augunum sem breyta því sem þær skynja í taugaboð sem svo eru send til heilans sem vinnur úr þeim og við sjáum. Í öðru lagi er líkaminn (hugurinn þar meðtalinn) ekki aðskilinn umhverfinu heldur til í samskiptum við það. Við skynjum alltaf bæði ytri hlutinn og líkamann á sama tíma, en ekki bara ytri hlutinn, af því líkaminn sjálfur og úrvinnsla heilans litar alltaf skynjunina (147).

Maðurinn getur því ekki skynjað *heiminn í sjálfum* sér þar sem öll skynjun hans er merkt líkama þess sem skynjar: „Það er [því] ekkert til sem heitir hlutlæg skynjun á viðfangsefni skynfæranna, eins og til dæmis, sjónskynjunnar“.<sup>78</sup> Heimurinn er, með öðrum orðum, að vissu leyti sköpun okkar: „Þau sjónmynstur og þær samsvarandi myndir af viðfangsefninu og atburðum fyrir utan heilann er sköpunarverk heilans tengt þeim ytri veruleika sem er rót þeirra frekar en hlutlaus endurspeglun á raunveruleikanum“.<sup>79</sup> Johnson orðar þetta þannig að „[h]ugurinn [sé] [...] hvorki sjálfstætt skapandi á upplifun né einfaldur gluggi að hlutlægum, sjálfstæðum veruleika“.<sup>80</sup> Sá raunveruleiki sem hver og einn upplifir veltur á því hvernig líkaminn er gerður. Af því líkami okkar er eins og hann er, sjáum við heiminn á þann hátt sem við sjáum hann en ekki annan. Heimssýn okkar er til að mynda ólík heimssýn annarra dýra sem hafa öðruvísi líkama og öðruvísi skynfæri: „Sami ‚hluturinn‘ getur [...] haft ólíka möguleika fyrir ólíkar lífverur, eða jafnvel sömu lífveruna á ólíkum tímum. Strá getur, til dæmis, verið klífanlegt fyrir lirfu, en ekki fyrir manneskju. Örsmáu sníkjudýri gæti fundist mannhúðin auðveld inngöngu, en húðin er lokuð venjulegri húsflugu“.<sup>81</sup> Það sem meira er, sér hver og einn heiminn í

<sup>78</sup> „There is no such thing as a *pure* perception of an object within a sensory channel, for instance, vision“. Damasio 1999: 147.

<sup>79</sup> „The neural patterns and the corresponding mental images of the objects and events outside the brain are creations of the brain related to the reality that prompts their creation rather than passive mirror images reflecting that reality“. Damasio 2003: 198-199.

<sup>80</sup> „Mind [...] is neither a willful creator of experience nor a mere window to an objective, mind-independent reality“. Johnson 2007: 76.

<sup>81</sup> „The same ‚object‘ can [...] present different affordances to different organisms, or even to the same organism at different times. A blade of grass, for instance, might afford climb-up-ability for a chigger, but not for a human. A



rauninni á sinn einstaka hátt þó mannkynið sjái heiminn á *svipaðan* hátt vegna eins líkama (Damasio 1994: 97). Heimurinn er því alls ekki hlutlægur raunveruleiki, öll merking markast af líkama þeirra sem skynjar.

Ef við víkjum að Stevens í þessu samhengi vitnar hann til „hefðbundnu kenningarinnar á sjónskynjun“ í „A Collect of Philosophy“ en samkvæmt henni „sjáum við ekki heiminn um leið heldur aðeins eftir ferli sjónskynjunnar“.<sup>82</sup> Við munum eftir því að Stevens er af rómantíska skólanum hvað varðar skynjun en samkvæmt honum skapar maðurinn heiminn með ímyndunaraflinu um leið og hann skynjar hann og lítur Stevens á þessar vísindalegu upplýsingar sem rökstuðning fyrir þeirri kenningu. Eins og áður segir talar Stevens líka um skáldið sem „líffræðilega heild“ („biological mechanism“), sem stjórnar því hvernig það skynjar heiminn (NA 120). Hugurinn semur ekki ljóðið einn heldur er allur líkaminn hluti af ferlinu:

Það sem við höfum til skoðunar [...] er hið skapandi ferli, persónuleika skáldsins, einstaklingseðli þess, sem þátt í sköpunarferlinu, og með persónuleika skáldsins meinum við það sem sker hann frá öðrum, hvernig taugakerfi skáldsins virkar þegar það semur ljóð og almennt séð, þá líkamlegu og andlegu þætti sem skilyrða hann sem einstakling. Hrökkvi einhver undan hávaða, er sá hinn sami líklegur til að hrökkva undan skærum litum og hann myndi örugglega kjósa úða í Feneyjum frekar en úrhelli í Hartford.<sup>83</sup>

Samkvæmt Stevens eru því hugrænir þættir skáldsins líkamlega skilyrtir og persónubundnir, taugar skáldsins hafa áhrif á það um hvað og hvernig það skrifar.

Í næstu köflum mun ég fara í þá þrjá líkamlegu þætti sem gera lífið sjálfkrafa merkingarbært. Ég byrja á tilfinningum og geðshreringum sem ljá allri upplifun tilfinningalegan blæ, fer þaðan í myndmót sem eru grunnmynstur reynslu mannsins og enda á líkingunum sem einkenna alla hugsun mannsins. Í lok kaflans ætti að vera ljóst að ekkert bil aðskilur manninn frá umhverfi sínu og að allur skilningur hans er mótaður af líkamanum í rými.

---

microscopic parasite might find the human skin quite penetrable, while the skin affords impenetrability for a common housefly“. Johnson 2007: 47.

<sup>82</sup> „According to the traditional views of sensory perception, we do not see the world immediately but only as the result of a process of seeing and after the completion of that process“. *OP* 190.

<sup>83</sup> „What we have under observation [...] is the creative process, the personality of the poet, his individuality, as an element in the creative process; and by process of the personality of the poet we mean, to select what may seem to be a curious particular, the incidence of the nervous sensitiveness of the poet in the act of creating the poem and, generally speaking, the physical and mental factors that condition him as an individual. If a man's nerves shrink from loud sounds, they are quite likely to shrink from strong colors and he will be found preferring a drizzle in Venice to a hard rain in Hartford“. *NA* 48.

### 2.2.2 Tilfinningar og geðshræringar

Hjá rómantísku skáldunum urðu tilfinningar mikilvægar en eins og áður sagði var upphafning þeirra svar skáldanna við vísindunum og skynsemi þeirra tíma, dýrsleg andstæða rökhugsunar og tengsl mannsins við náttúruna. Eins og áður segir erfir Stevens margt frá rómantíkinni og er hið órökræna og tilfinningalega eitt af því. Einnig er sennilegt að hið órökræna sé að hluta til undir áhrifum frá Sigmund Freud eins og Joan Richardson heldur fram (1988: 136-137) en Stevens segir að maðurinn stjórnist frekar af hinu órökræna en hinu rökræna (*OP* 225) og að ljóðlist eigi að vera órökræn (*OP* 162). Hann treystir tilfinningunum frekar en rökhugsuninni, en ólíkt rómantísku skáldunum er rökhugsunin samt sem áður hluti af náttúrunni í kenningum Stevens, hún er bara ekki *æðri* tilfinningunni, eins og segir í einum afórismanum: „Rökhugsunin er hluti af náttúrunni og stjórnast af henni“.<sup>84</sup> Eins og áður sagði er hið ómeðvitaða og líkamlega hluti af hugrænum þáttum mannsins. Hugmyndir Stevens eru hér ekki fjarri því sem Damasio hefur haldið fram, þ.e. að tilfinningar og geðshræringar séu grundvallarþáttur í tilveru mannsins.

Eins og líkamar annarra dýra og fyrirbæra í náttúrunni stjórnast mannlíkaminn af jafnvægislögmáli (á læknamáli „homeostasis“) en það þýðir að líkaminn leitast við að halda innri stöðugleika sínum og vellíðun (Damasio 2003: 35). Líkaminn stjórnar sér að mestu leyti sjálfur, án þess að við hugsum um það; hann skynjar raunveruleikann sjálfkrafa og miðlar upplýsingunum til heilans með boðum, án þess að rökhugsun okkar „biðji“ hann um það. Geðshræringar (e. *emotions*) eru frumstæð ferli taugaboða og lífefna, nátengdar líkamsstarfseminni og því markmiði að halda stöðugleika innan líkamans (Damasio 1994: 139). Þær eru stór hluti af tengslum mannlíkamans við raunveruleikann og skipta máli í því hvernig við „sjáum“ eða skynjum og skiljum heiminn.

Ólíkt öðrum dýrum er maðurinn meðvitaður um það sem honum þykir gott eða vont af því hann hefur tilfinningar, en tilfinningar eru skör hærra en geðshæringar, eða meðvitundin um það hvernig okkur, eða líkamanum, líður. Tilfinningar eru skynjanir á innviði líkamans (Damasio 2003: 91) og verða til vegna taugaboða eða „kortlagningar á ólíkum hlutum líkamlegs ástands í skynfærunum sem eru þannig gerð að þau taka við merkjum frá líkamanum“.<sup>85</sup> Í rauninni eru tilfinningar grundvöllur meðvitundar (110) því þær varða meðvitund okkar um *tengsl* áreitis og líkama. Eins og á við um ytri skynjanir eru tilfinningar virkar skynjanir (e. *interactive*

<sup>84</sup> „The reason is a part of nature and is controlled by it“. *OP* 170.

<sup>85</sup> „the mappings of myriad aspects of body states in the sensory regions designed to receive signals from the body“. Damasio 2003: 88.

*perceptions*), þ.e.a.s. þær taka ekki mynd af ástandi líkamans heldur fjalla bæði um skynjanir sínar og það sem skynjað er á sama tíma; „hluti af fyrirbærinu er frá viðfanginu komið, og hluti af því er komið frá innri smíð sem heilinn býr til“.<sup>86</sup> Eins og líkaminn túlkar raunveruleikann þá túlkar hann einnig eigið ástand.

Mark Johnson heldur því fram að geðshræringar séu lykilþáttur í því ferli að mæla, meta og umbreyta og þannig skipti þær máli í að skilja þýðingu aðstæðna (2007: 68). Þessu til stuðnings vitnar hann í John Dewey sem heldur því fram að aðstæður séu tilfinningalegar í heild sinni (e. *felt situation*), þ.e. að aðstæður litist af tilfinningunni sem vaknar í líkamanum við áreiti frá umhverfinu (66). Johnson vitnar í þessu samhengi einnig í Damasio sem heldur því fram að tilfinningar séu bæði í okkur og umhverfinu á sama tíma og „[þ]eir sem þráist við að hugsa um heiminn í gerendum og viðföngum ættu að minnsta kosti að viðurkenna að geðshræringar eru bæði gerendur og viðföng á sama tíma“.<sup>87</sup> Katrin Pahl útskýrir þetta jafnvel betur. Hún leggur til að notað sé hugtakið „tilfinningalægni“ (e. *emotionality*) þegar fjallað er um listir þar sem listaverk séu oft tilfinningarík án þess að þau séu beinlínis persónulegur dómur einhvers einstaklings:

Tilfinningalægni, eins og „röklægni“ (e. *rationality*), getur verið einkenni á aðstæðum án mannlegs geranda eða eiginleika. Við eigum í minnstu erfiðleikum með að tala um tilfinningalega endurfundi, tilfinningalega ákvörðun, tilfinningalegt rými, eða tilfinningalega kvikmynd, og annað slíkt—jafnvel þó okkur finnist við þurfa að setja þetta í samhengi við manneskju sem er móttakandi þessara tilfinningalegu upplifana.<sup>88</sup>

Pahl lýsir hérna því sem á sér stað þegar tilfinningum er varpað á raunveruleikann sem samt „býður upp á“ þessar tilfinningar. Það er kannski óþarfi að takmarka notkun hugtaksins við listir þar sem þetta á sér stað í raunveruleikanum sjálfum sem er langt frá því að vera hlutlægur þegar maðurinn upplifir hann. Damasio segir að öllum hugsunum og atburðum fylgi einhver geðshræring, veikari eða sterkari, hvort sem þeir eru rifjaðir upp eða upplifaðir beint (2003: 93). Jafnvel það sem við ímyndum okkur er tilfinningalegt (Damasio 1994: 97).

<sup>86</sup> „there is a part of the phenomenon that is due to the object, and a part that is due to the internal construction the brain makes of it“. Sama heimild: 91.

<sup>87</sup> „Those who insist on thinking of the world as composed of subjects and objects should at least recognize that emotions are both subjective and objective at the same time“. Johnson 2007: 67.

<sup>88</sup> „Emotionality, like rationality, can be a characteristic of non-human processes or entities. We have no great problem speaking of an emotional encounter, an emotional decision, an emotional space, and emotional film, and the like—even if we still feel compelled to project a human subject as the source or recipient of these emotional experiences“. 2009: 547.

Út frá þessu má nefna að sálfræðingurinn James Averill segir geðshræringar vera bókmenntalegar eða „retorískar“, að því leyti að þær tjái gildi gagnvart heimi sem hefur engin föst gildi, en mælskulist skilgreinir hann í þessu samhengi sem „leið til að nálgast sannleika aðstæðna þar sem engin víska er möguleg, en þar sem samt er óskað eftir ákvörðun eða framkvæmd“.<sup>89</sup> Ef til vill gæti sumum þótt það ónáttúrulegt að bendla geðshræringar við mælskulist, en hinn neikvæði skilningur á mælskulist, eins og Averill minnst á, er auðvitað sá platónski, þ.e. að mælskulistin sé lygi og fals. Hér er þó tekinn jákvæður póll í hæðina og bókmenntir og geðshræringar bornar saman við mælskulist að því leyti að þær tjá heimssýn. Eins og áður sagði eru geðshræringar gildishlaðnar en Averill lýsir þeim þannig að þær beinist að því sem er einhvers virði að gera eða framkvæma (14). Hann segir að í bókmenntum komi rithöfundar tilfinningum sínum gagnvart raunveruleikanum á framfæri á fagurfræðilegan hátt (2001: 15). Sálfræðingurinn Keith Oatley (2001) heldur því svo fram að skáldskapur geti verið tvisvar sinnum sannari en staðreyndir vegna þess að skáldskapur er samkvæmur tilfinningu skálds eða lesenda og innra samhengi textans (103). Raunveruleikinn er í huga mannsins hvort sem er.

Averill segir einnig að geðshræringar séu eitt aðaleinkenni góðra bókmennta en ástæðu þess telur hann vera að sumir séu tilfinningalega meira skapandi en aðrir, þ.e. sjái heiminn á nýstárlegri hátt (sjá Averill 1991). Hann tengir geðshræringar líkingum, en hann segir þær vera „líkari málverkum en litaspjöldum. Málverk hafa bæði form og efnivið. Þær eru sköpun innri sýnar listamannsins, þýðing sem er varpað á heiminn, og þær hafa ótakmarkaða möguleika“.<sup>90</sup> Averill veltir því fyrir sér hvort skáld séu þá ef til vill ekki tilfinningalega meira skapandi en meðalmaðurinn því heimsbókmenntir sýni skapandi tilfinningar (8) og í samhengi við Lakoff og Johnson gæti ástæðan fyrir því að líkingar séu algengari í bókmenntum en venjubundnu máli mögulega verið sú að skáldskapur tjái meira af tilfinningum og óhlutbundnum gildum en aðrir textar.

Stevens er á sömu braut og ofangreindir fræðimenn en það sem Stevens á við með því að ímyndunaraflíð liti allan heiminn er nákvæmlega þetta. Fyrst má nefna að skáldið er næmara fyrir ljóðveruleikanum en aðrir og finnur efnivið í ljóðlist hvarvetna, en allir menn eru gæddir

<sup>89</sup> „means of approaching truth in situations where certainty is not possible, and yet where decision or action is called for“. 2001: 13.

<sup>90</sup> „Emotions are more like paintings than color mixtures. Paintings have form as well as substance. They are a product of the artist's inner vision, a meaning imposed on the world, and they admit of endless possibilities“. 1991: 269-70.

líkama sem litar heimssýn þeirra. Það er ekkert til sem heitir tómur heimur, tómléikanum er líka varpað á raunveruleikann. Þannig eru óhamingja, sakleysi og þunglyndi allt huglægir þættir sem verða til í líkama mannsins þegar hann upplifir heiminn en tilheyrir ekki heiminum í sjálfum sér (NA 129-130).

Stevens er einnig á sömu slóðum og Averill og Oatley þegar hann segir að ljóðlist sé viðbragð við heiminum, að hún sé neistinn sem kviknar af viðskiptum mannsins við raunveruleikann (OP 291). Ljóðlistin er þörfin fyrir að gera grein fyrir upplifun; ljóðlist leggur mat á heiminn, með hans orðum: „Ljóðlist er viðbragð við þörfinni fyrir að ná heiminum“.<sup>91</sup> Þannig segir Stevens t.d. að „[v]íxlverkunin á milli raunveruleika og geðshæringa [sé] uppspretta lífsneistans í bókmenntum, sú á milli raunveruleika og hugsana, uppspretta krafts þeirra“.<sup>92</sup> Það úir og grúir af fullyrðingum af sama toga í prósanum. Þannig er ljóðlist „fullyrðing á milli manns og heims“,<sup>93</sup> „[l]jóðlist leitast eftir tengslum manna við staðreyndir“<sup>94</sup> og í „The Irrational Element in Poetry“ skrifar Stevens að hið órökræna í ljóðlist sé „viðskipti á milli raunveruleikans og næmni skáldsins“.<sup>95</sup> Tilfinningar og geðshræringar, sem spretta af líkamlegri tilvist mannsins í raunveruleikanum, eru því, samkvæmt Stevens og nútímafræðimönnum, grundvöllur ljóðlistar. En fleira kemur til.

### 2.2.3 Myndmót

Samkvæmt Mark Johnson og George Lakoff á öll merking rætur sínar í líkamanum sem er til í rými. Það er sem sagt í gegnum líkama okkar og með líkama okkar sem viðmið sem við skiljum heiminn eða fellum reynslu okkar í ákveðin mót sem þeir kalla skemu eða myndmót (e. *image-schemas*) og eru endurtekin mynstur samskipta líkamans við umhverfið. Þegar við skynjum umhverfið vörpum við sjálfkrafa þessum formum á umhverfið, með orðum Lakoff: „Það hvernig við skiljum heiminn með hlutum, eiginleikum, og tengingum er vörpun okkar eigin hugtakakerfa á ytri veruleika“.<sup>96</sup> Raunveruleikinn er því ekki merkingarbær í sjálfum sér heldur í gegnum líkamann, eins og áður með tilfinningar og geðshræringar.

<sup>91</sup> „Poetry is a response to the daily necessity of getting the world right“. OP 176.

<sup>92</sup> „The inter-relation between reality and the emotions is the basis of the vitality of literature, between reality and thought, the basis of its power“. OP 291.

<sup>93</sup> „Poetry is the statement of a relation between a man and the world“. OP 172.

<sup>94</sup> „Poetry seeks out the relation of men to facts“. OP 179.

<sup>95</sup> „the transaction between reality and the sensibility of the poet“. OP 217.

<sup>96</sup> „Our way of understanding the world in terms of objects, properties, and relations is an imposition of our conceptual schemes upon external reality“. Lakoff 1987: 262.

Myndmót eru óhlutbundin en líkamleg mynstur, eða afleiðing líkamlegrar tilvistar okkar. Sem dæmi um nokkur myndmót má nefna NÁLÆGT-FJARLÆGT sem orsakast af sjónskynjun okkar; ef eitthvað er langt í burtu er það fjarlægt en ef eitthvað í auðskilgreinanlegri fjarlægð frá okkur er það nálægt. Það sem er nálægt fyrir okkur er hins vegar ekki nálægt fyrir örkvikindi. Eins má nefna skemu eins og HRJÚFT-SLÉTT sem fellur yfirborð í annanhvorn flokkinn eftir því hvernig húðin eða tungan nemur það og UPP-NIÐUR eftir því hvort eitthvað er fyrir ofan líkama okkar eða neðan, eða ofarlega á einhverju eða neðarlega. Það sem er í loftinu er uppi en það sem er á gólfinu er niðri—við getum ekki staðið á hvolfi en flugur geta það jafn auðveldlega og að standa á gólfi. Við fellum nýja reynslu inn í þau mynstur sem reynsla okkar af raunveruleikanum veitir, eða það samfélagið kennir okkur, t.d. hvað má og hvað er hættulegt að gera þegar við erum börn. Þannig er UPP jafnan talið vera jákvætt, en NIÐUR neikvætt, það sem er NÁLÆGT er persónulegt en FJARLÆGT ópersónulegt, en það fer oft eftir menningu hvað er jákvætt og hvað er neikvætt (Lakoff & Johnson 2003: 14-17).

Rannsókn sálfræðingsins Edgar Rubin á skynjun mannsins á fígúru og bakgrunni voru stórt skref í áttina að hugrænum fræðum, en hann komst að því „hversu huglæg—*súbjektíf*—skynjunin getur stundum verið“ (Jörgen L. Pind 2012: 125). Í rannsóknum hans kom í ljós, að þegar menn horfðu á mynd sem sýndi fígúruna vasa en tvö andlit í bakgrunni, gátu þeir auðveldlega skipt á milli vasans og andlitanna en voru ekki bundnir fígúrunni. Hugur mannsins er með öðrum orðum skapandi innan þeirra marka sem náttúran leyfir. Þó merkingin virðist oft vera í raunveruleikanum sjálfum, þ.e. hlutlægur eiginleiki sem við tökum einfaldlega mynd af, er hún í rauninni komin frá okkur. Johnson segir að „tilfinningin sem *virðist* vera grunnur álits á einhverju sem er fallett [sé] í rauninni tilfinning okkar fyrir samhljómi ímyndunarafslsins og skilningsins“.<sup>97</sup> Á fyrirbærafræðilegan hátt getum við aldrei skilið líkama okkar frá skynjun okkar.

Eins og með geðshræringarnar er merkingin samt sem áður bæði í okkur og raunveruleikanum á sama tíma. Umhverfið hefur áhrif á okkur áður en við verðum þess vör, „[s]tígandi tónar, hækkandi hljómur, og hraður taktur geta haft þau áhrif að við finnum til

---

<sup>97</sup> „the feeling that *appears* to be the basis for a judgement that something is beautiful is actually our felt awareness of the harmonizing of our imagination and understanding“. Johnson 2007: 217.

eftirvæntingar, eða sterkari tilfinningar, eftir samhengi“.<sup>98</sup> Merkingin sem við nemum er ósegjanleg og líkamleg; það er vegna þess að líkami okkar skynjar hækkandi tón sem örvandi að hækkandi tónn hefur merkingu. Við segjum að fjall sé stórt ef það er stórt miðað við okkur, en tökum ekki mið af útsýni okkar úr flugvél. Ef ský fela topp fjallsins fyrir okkur er toppurinn utan sjónskynjunar og gæti því virkað leyndardómsfullur. Umhverfið gefur efniviðinn í merkinguna en við skynjum það sem líkami okkar setur í forgrunn og drögum þekkingu og skilning af umhverfi okkar þannig. Fjallið er ekki náttúrulega í forgrunni umhverfisins, en það grípur athygli okkar af því það er stór heild innan sjónfæris okkar. Það er heldur ekki leyndardómsfullt þegar ský hylja toppinn, nema kannski fyrir okkur, og þá af menningarlegum ástæðum.

Hvað varðar merkingu tungumálsins þá er hún líka byggð á líkamlegri tilveru mannsins. Tungumálið kemur á eftir hinni líkamlegu merkingu og tjáir *hana*. Þar er því ekki um að ræða ákveðin fastmótuð hugtök ótengd raunveruleikanum. Með öðrum orðum segir Johnson að „málfræðileg merking [sé] sníkjudýr á frumgerðum og ferlum líkamlegrar tilveru, eiginleika, og tilfinningu“.<sup>99</sup> Þess vegna er tungumálið alls ekki eins fastmótað og raunhyggjumenn vilja hafa það, né jafn tilviljanakennt og táknsæismenn og póst-móðernistar vilja meina.

Ef við víkjum að Stevens þá skrifar hann að ímyndunaraflið, „litar, eykur, hefur og endar, finnur upp tungumál, [o.s.frv.]“, þ.e.a.s. það fellir raunveruleikann í mót.<sup>100</sup> Hann talar líka um það sem Johnson talar um þegar hann lýsir því hvernig ljóðskáld semja ljóð. Eftirfarandi er í „The Irrational Element of Poetry“: „Það er til [...] óskrifuð mælskulist sem er síbreytileg og sem ljóðskáldið verður alltaf að leita eftir“, og hann heldur áfram: „Þú verður einhvern veginn að vita hvaða hljómur sé rétti hljómurinn; og þú veist það í rauninni, án þess að vita hvernig. Vitneskja þín er órökræn“.<sup>101</sup> Að ljóðlist sé „leit að hinu óútskýranlega“<sup>102</sup> má skilja í þessu samhengi, þ.e. skáld reyna að tjá mannlegar tilfinningar sem eru ófænislegar og stundum ósegjanlegar. Enn fremur segir Stevens að orð séu hugsanir (*NA* 32), og að orðin hverfi næstum því, ef ekki alveg, í ljóðlist, sem er mælskulist náttúru og ímyndunarafls, „þar sem tilfinning manneskjunnar er

<sup>98</sup> „Rising pitches, increases in volume, and a quickening tempo can create in us a heightening of tension and expectation that we experience as longing anticipation, or intensification of feeling, depending on the context“. Sama heimild: 226.

<sup>99</sup> „linguistic meaning is parasitic on the premordial structures and processes of embodied interaction, quality, and feeling“. 2007: 218.

<sup>100</sup> „colors, increases, brings to a beginning and end, invents languages, crushes men, [etc.]“. *NA* 62.

<sup>101</sup> „There is [...] an unwritten rhetoric that is always changing and to which the poet must always be turning“, „You have somehow to know the sound that is the exact sound; and you do in fact know, without knowing how. Your knowledge is irrational“. *OP* 226.

<sup>102</sup> „a search for the inexplicable“. *OP* 173.

komið til skila í orðum sem ná lífinu svo vel að orðin hverfa“.<sup>103</sup> Þó Stevens hafi orð á sér fyrir að vera táknsæismaður og leika sér með tungumálið, þá er hann ekki meiri táknsæismaður en þetta.

#### 2.2.4 Líkingar

Samkvæmt kenningu Mark Johnson og George Lakoff í *Metaphors We Live By* (2003 [1980]) einkenna myndhverfingar eða hugtakslíkingar (e. *conceptual metaphors*) alla hugsun mannsins.<sup>104</sup> Líkingar hafa jafnan verið taldar lýti á skýru og hlutlægu máli en í rauninni liggja líkingar rökhugsun til grunna. Gamalgrónu andstæðurnar hlutlægt og huglægt, ímyndunarafl og rökhugsun eiga því ekki lengur við þar sem öll hugsun mannsins er skapandi og huglæg.

Líkingar eru skörinni hærra en myndmótin sem þær byggja flestar á. Eins og í hefðbundnum skilningi felast þær einfaldlega í því að ný reynsla er skilin út frá eldri reynslu. Dæmi um líkingar sem Lakoff og Johnson taka úr vestrænum samfélögum eru TÍMI ER VERÐMÆTI og ÁST ER NÁLÆGD. Ekki nóg með það að þær einkenni hugsun okkar, heldur stjórna líkingar beinlínis hvernig við skiljum heiminn (3); samfélagið er jú vissulega einn þáttur þess sem hefur áhrif á okkur sem lífverur gæddar meðvitund. Við hugsum til dæmis um tímann eins og verðmæti og segjum að við höfum ekki tíma eða viljum ekki sóa tímanum og ef einhverjir elskuðust einu sinni en ekki lengur, segjum við þau hafa fjarlægst hvort annað. Eins og „tími“ og „ást“ gefa til kynna, eru líkingar góð leið til þess að tjá sig um og skilja óhlutbundna hluti eins og tilfinningar, fagurfræðilegar upplifanir, siðferði og annað sem erfitt er að festa fingur á (193).

Stevens er á svipuðum slóðum og Lakoff og Johnson hvað varðar skapandi hugsun mannsins. Í „Imagination as Value“ fjallar hann ítarlega um samruna ímyndunarafls og rökhugsunar og tekur sem dæmi byggingu húss: hvenær hættir hús að vera afurð rökhugsunar og byrjar að vera listaverk, spyr hann (NA 150). Svarið er að húsið er alltaf bæði afurð rökhugsunar og ímyndunarafls. Ímyndunaraflið er því, samkvæmt Stevens, ekki neikvætt og andstætt rökhugsun; ekki ætti að skipa ímyndunaraflinu á bekk með bókmenntum og listum og rökhugsun með raunveruleikanum og vísindum (NA 153), maðurinn noti ímyndunaraflið með rökhugsun til að leysa vandamál og er ímyndunaraflið oft aðdáunarverðara og fljótara að komast að niðurstöðu en rökhugsunin ein og sér (NA 154); „ímyndunaraflið þarf ekki jafnlangan tíma og rökhugsunin

<sup>103</sup> „a rhetoric in which the feeling of one man is communicated to another in words of the exquisite appositeness that takes away all their verbiality“. NA 118.

<sup>104</sup> Orðið líkingar hefur verið notað um hugtakslíkingar hingað og verður notað hér eftir til einföldunar.



til þess að komast að niðurstöðu“.<sup>105</sup> Sagan af Phineas Gage kemur upp í hugann, en Antonio Damasio notar hann sem dæmi um hversu mikilvægt innsæi er manningum. Gage þessi hafði fulla rökhugsun en engar tilfinningar og missti þannig hæfileikann til að taka þátt í samfélagi manna (sjá fyrsta kafla *Descartes' Error*). Ímyndunaraflíð, sem á hinn hefðbundna hátt tengist hinu órökræna, tilfinningalega og líkamlega, er sem sagt mikilvægur hluti af mannlegu samfélagi.

Hugsun mannsins er í grunninn skapandi eins og sést á því hvernig hann skipar heiminum niður eftir því hvað líkist hverju. Sumt er að vísu augljóst (dýr með vængi eru jafnan fuglar) en annað er mjög skapandi, eins og George Lakoff hefur skrifað um í *Women, Fire, and Dangerous Things* (1987). Titill bókarinnar vitnar í frumlega flokkun frumbyggja í Ástralíu þar sem reynsla, menning og tilfinning réðu flokkun fólksins (92-96). Flokkar eru ekki tilbúnir frá náttúrunnar hendi heldur eru þeir aðferð mannsins til að koma reiðu á raunveruleika sinn, hlutbundinn og huglægur, og finna í honum merkingu (6). Áströlsku frumbyggjarnir flokkuðu t.d. suma hluti saman af því goðsaga tengdi þá í reynsluheimi þeirra (94). Goðsögur eða mýtur eru, eins og líkingar, yfirleitt tengdar bókmenntunum einum og skáldskap, sem þær tilheyra vissulega, en þær geyma líka sannleika:

Goðsögur hjálpa okkur við að skilja reynslu okkar; þær koma skipulagi á líf okkar. Eins og myndlíkingar eru goðsögur nauðsynlegar til þess að öðlast þýðingu á því sem gerist í kringum okkur. Sérhver menning á goðsögur, og fólk virkar ekki án goðsagna frekar en það virkar án myndlíkinga. Og rétt eins og við höldum að *myndlíkingar* okkar eigin menningar séu sannleikur, þá höldum við að *goðsögur* okkar eigin menningar séu sannleikur.<sup>106</sup>

Stevens er almennt mjög upptekinn af líkingum í sama skilningi og Johnson og Lakoff og fjallar sérstaklega um þær í „Effects of Analogy“. Líkingar, eins og hann á við þær, eru óhlutbundnar hliðstæður (e. *parallels*) í ímyndunaraflinu (NA 110). Þær eru sem sagt ekki fyrirfram gefnar eða hluti af raunveruleikanum heldur huglægur. Stevens talar um stóran flokk líkinga sem eru „af tilfinningalegum uppruna þar sem myndirnar samsvara eðli tilfinningarinnar sem þær spretta af“.<sup>107</sup> Hjá Stevens virðist hið óhlutbundna (e. *abstract*), eða huglæga, auk þess

<sup>105</sup> „the imagination does not require for its projections the same amount of time that the reason requires“. NA 144.

<sup>106</sup> „Myths provide ways of comprehending experience; they give order to our lives. Like metaphors, myths are necessary for making sense of what goes on around us. All cultures have myths, and people cannot function without myth any more than they can function without metaphor. And just as we often take the *metaphors* of our own culture as truths, so we often take the *myths* of our own culture as truths“. Lakoff & Johnson 1980: 185-186.

<sup>107</sup> „Thus it belongs to that large class of images of emotional origin in which the nature of the image is analogous to the nature of the emotions from which it springs“. NA 111.

beinlínis merkja „skapandi“, en hann tengir orðið við að horfa í gegnum staðreyndirnar á skapandi hátt, eins og Richardson bendir á: „Meðvitund hans um hið óhlutbundna sem aðal-einkenni bæði ímyndunaraflsins og vitsmuna hafði átt sér stað þegar hann var ennþá strákur og lærði af föður sínum ,að horfa ekki á staðreyndir, heldur í *gegnum þær*“.<sup>108</sup>

Stevens segir líkingar vera það sem gerir ljóðlist og raunveruleika eins; þær tengi saman ljóðlist og raunveruleika í huga mannsins: „[Í]myndunaraflið er hæfileikinn sem gerir okkur kleift að sjá hið venjulega í hinu óvenjulega, andstæðu óreiðu í óreiðu“, segir hann, líkt og Lakoff og Johnson; þær koma reiðu á óreiðuna.<sup>109</sup> Hann vísar á öðrum stað í ánægju mannsins við að sjá líkindi í hlutum: „Narsissismi snýst um eitthvað sem er handan grunnmerkingar orðsins. Það snýst líka um það að þegar við leitum að því sem líkist okkur búumst við við því að fá ánægju út úr því; þ.e.a.s. í því sem við finnum. Svo sterklega búumst við við þessu að við finnum ekkert annað“.<sup>110</sup> Hér er innsýn Stevens í hugrænt eðli mannsins mikil, því það einkennir sannarlega mannshugann að hann leitar eftir því að fylla upp í eyður (Johnson 2007: 144).

Þörf mannsins til að fylla upp í eyður er ljós af tilhneigingu mannsins til að gera heildstæðar frásagnir, með upphafi, miðju og enda, úr öllu. Í *The Literary Mind* (1996) segir Mark Turner að hinn hversdagslegi hugur sé í grunninn bókmenntalegur og að grunnform hans sé dæmisagan (e. *parable*) (7)), en dæmisagan er líking í frásagnarformi. Sálfræðingurinn Jerome Bruner hefur einnig haldið því fram að frásögnin einkenni það hvernig samfélag manna er uppbyggt (1991), menn hugsi meira að segja um líf sitt sem frásögn. Rannsóknir hans sýna að fólk sér æsku sína sem upphaf sögunnar og það skynjar ákveðið undirliggjandi þema sem stjórnar lífsfarvegi, t.d. hvort lífið er talið vera spennusaga eða ástarsaga. Bruner segir að „hin svokallaða eftrlíking lífsins og frásagna [sé] á tvo vegu: þ.e.a.s., eins og listin líkir eftir lífinu í skilningi Aristótelesar, þá líkir lífið líka eftir frásögnum í skilningi Oscar Wilde. Frásagnir líkja eftir lífi, lífið líkir eftir frásögn“.<sup>111</sup>

<sup>108</sup> „His awareness of [the abstract] as a primary feature of both imagination and intellect had begun while he was still a boy and had learned from his father not to ,look at facts, but *through* them“ . 1988: 185.

<sup>109</sup> „[t]he imagination is the power that enables us to perceive the normal in the abnormal, the opposite of chaos in chaos“ . NA 153.

<sup>110</sup> „Narcissism, then, involves something beyond the prime sense of the word. It involves, also, this principle, that as we seek out our resemblances we expect to find pleasure in doing so; that is to say, in what we find. So strong is that expectation that we find nothing else“ . NA 80.

<sup>111</sup> „the mimesis between life so-called and narrative is a two-way affair: that is to say, just as art imitates life in Aristotle’s sense, so, in Oscar Wilde’s, life imitates art. Narrative imitates life, life imitates narrative“ . 2004 [1987]: 692.

Ef við víkjum aftur að Stevens, þá virðist hann eiga við það sama Bruner og Turner þegar hann segir lífið hafa tilhneigingu til að verða bókmenntir, en orðin lætur hann falla þegar hann ræðir yfirburði ljóðlistar samanborið við heimspekina í að ná utan um lífið. Ekkert orð hafi verið til yfir ljóðlist í forn-grísku, „[s]amt [sé] ljóðlist í dag oftast en ekki bókmenntir; þar sem ljóðlist [hafi] tilhneigingu til þess að verða bókmenntir. Lífið sjálf [hafi] líka þessa tilhneigingu“.<sup>112</sup> Í „Three Academic Pieces“ skrifar Stevens að sérstæða ljóðlistar sé að hún auki skilninginn á raunveruleikanum, eða ýki hann, þegar hún svarar þrá mannsins eftir líkingum (*NA* 77). Við vörpum frásagnarforminu á reynslu okkar í raunveruleikanum og þess vegna verður lífið frásögn; þess vegna verður það bókmenntalegt. Líkt og Wilde segir Stevens að lífið endurspegli bókmenntirnar (*OP* 159), en hjá honum er jafnan flóknari en svo, því „[b]ókmenntir eru betri helmingur lífsins. Við þetta virðist nauðsynlegt að bæta, gefið að lífið sé betri helmingur bókmenntanna“.<sup>113</sup> Þetta mætti þýða þannig að bókmenntir tjái lífið betur, af því þar er það samþjappaðra og merkingarfyllra, en lífið þurfi þá að eiga það skilið að vera ort um. En það færir okkur yfir í næsta kafla.

Við höfum nú séð að tilfinningar og geðshræringar, myndmót og líkingar gera raunveruleikann bókmenntalegan. Í næsta kafla sjáum við enn frekar að það sem er bókmenntalegt er aðeins ýking á því sem er venjubundið og að bókmenntir geta varpað ljósi á það hvernig maðurinn sér heiminn.

---

<sup>112</sup> „Yet today poetry is literature more often than not; for poetry partakes of what may be called the tendency to become literature. Life itself partakes of this tendency“ *NA* 43.

<sup>113</sup> „Literature is the better part of life. To this it seems inevitably necessary to add, provided life is the better part of literature“ *OP* 158.

### 3. Bókmenntaleikinn

#### 3.1 Hið sanna djarfa

Listamenn og vísindamenn sem hafa breytt gangi sögunnar eru þekktir fyrir að nota ímyndunaraflið með rökhugsuninni og hafa þannig komist að nýstárlegum hugmyndum sem hafa varpað ljósi á hluti sem hafa fests í viðjum hefðbundinna skoðana. Albert Einstein þurfti t.d. að nota ímyndunaraflið, auk sérfræðipækkingar sinnar, til þess að komast að afstæði tíma og rúms, en í því fylgdi hann innsæi sínu frekar en hefðbundnum leiðum. Eins og áður sagði felst líkamsmótunarkenningin í því að vitsmunastarf mannsins sé bundið ákveðnum formum og sé í grunninn skapandi. Blöndun (e. *conceptual blending*) er kenning Gilles Fauconnier og Mark Turner í *The Way We Think* (2002) og felst í því að maðurinn vinnur á skapandi hátt með þessi form. Maðurinn hefur frá náttúrunnar hendi auga fyrir líkindum og getur með ímyndunaraflinu tengt hluti saman. Hæfileiki okkar til að tengja saman form í huganum gerir okkur kleift að búa til nýstárlegar útkomur með óvenjulegum tengingum og varpa þannig nýju ljósi á hlutina.

Kenning Stevens um að raunveruleikinn og ljóðlistin séu af sömu gerð—eða að öll tilvera mannsins sé ljóð—er blöndun. Stevens virðir hinn hefðbundna aðskilnað skáldskapar að vettugi og kemst með innsæi sínu að því maðurinn skynjar raunveruleikann eins og ljóðlist. Eins og Frederick Luis Aldama (2010) segir um erindi hugvísinda í hugræn fræði, þá eru til fleiri leiðir til þekkingar en vísindalegar og eru bókmenntir jafnstór hluti af þekkingu mannkynsins um sjálft sig og raunvísindi og félagsvísindi (1). Kenningar Stevens eru ekki hávísindalegar þó þær styðjist að vísu við ýmisleg fræði, heimspeki sérstaklega en einnig sálfræði og raunvísindi, en þær snúa að listunum og eiga meira sameiginlegt með ljóðum hans en fræðilegum ritgerðum.

Í kenningu Stevens felst það ekki, að vegna þess raunveruleikinn sé bókmenntir að allt sem fram kemur í bókmenntum sé satt í orðsins fyllstu merkingu. Þórbergur Þórðarson hitti elskuna sína í raun og veru þegar hann fór til Hrutafjarðar en skrifaði í *Íslenskum Aðli* að hann hefði ekki gert það. Ef við viljum giska hvers vegna hann valdi að hafa það svo, gæti það verið að það að hitta hana ekki hafi verið nær heimssýn hans eða tilfinningu, en það er annað mál. Aðalatriðið er að hér er ekki fjallað um skáldskap í merkingunni „lygi“ eða „blekking“, heldur er litið svo á að hann sé ekki venjubundinn texti heldur setji höfundar sig í stellingar og ákveði að nota ákveðnar leiðir eða tækni til þess. Enn fremur er gengið út frá því að bókmenntir varpi ljósi á hugræna þætti mannsins. Í þessu felst að *allar bókmenntir sýna raunveruleikann eins og*

maðurinn upplifir hann. Jafnvel raunsæjustu skáldsögur sýna sjónarhorn rithöfundarins, þ.e. sýn hans á og tilfinningu fyrir raunveruleikanum, en ekki hlutlægan veruleikann. Vísindaskáldskapur vitnar líka til um vitsmunastarf mannsins og heimssýn þess sem skrifar. Sá veruleiki sem bókmenntir sýna er ekki annar en sá sem við þekkjum, hann einfaldlega getur ekki verið það vegna þess að vitsmunastarf okkar er takmarkað við líkama okkar og raunveruleika.

Til að draga saman, þá fjalla bókmenntir um tilveru mannsins sem er til í ákveðnu umhverfi. Í þessum síðasta kafla ritgerðarinnar fjalla ég um sérkenni bókmenntanna sem eru í raun sérkenni raunveruleikans og hvernig kenning skáldskaparfræða Stevens kemur heim og saman við raunveruleikann eins og við upplifum hann.

### 3.2 Sérkenni bókmennta, sérkenni raunveruleikans

Bókmenntir eru alltaf skrifaðar á tungumáli, gerðar úr orðum sem þykja—og eru á ákveðin hátt—fjar beinni upplifun af því þau eru lýsing á henni. Bókmenntir nota tungumálið auk þess á annan hátt en hinn hversdagslega; þær ýkja tungumálið, nota endurtekningar, myndhverfingar, nafnskipti og þess háttar, til þess að draga fram ákveðna þætti. Var þetta meðal annars það sem rússnesku formalistarnir Roman Jakobson og Viktor Shklovskij fjölluðu um á fyrri hluta og fram á miðbik tuttugustu aldarinnar (sjá t.d. „Tvær hliðar tungumálins: myndhvörf og nafnskipti“ eftir Jakobson (1991 [1956]) og „Listin sem tækni“ eftir Shklovskij (1991 [1917])).

Reuven Tsur byggir kenningu sína um hugræn skáldskaparfræði (e. *cognitive poetics*) að miklu leyti á Jakobson.<sup>114</sup> Helsta kenning Tsur er að skáldskapur nýti sér hugræna þætti mannsins (eins og minni, skilning og tilfinningar) á fagurfræðilegan hátt, en samkvæmt honum kemur ljóðrænt form tilfinningu og annarri merkingu til skila með ákveðinni uppröðun texta og orðavali sem samsvarar ákveðinni mannlegri kennd (2010: 3). Til dæmis vekur endurtekin notkun orða sem lýsa því hvernig hægist á einhverju upp samsvarandi tilfinningar, t.d. sorg eða þyngsli (6). Tsur er á móti líkamsmótunarkenningunni, en að mínu mati má vel nota kenningar Tsur og Lakoff og Johnson saman.<sup>115</sup> Kenning Tsur er sértækari og varðar smáatriði, og í raun virkar hún vel sem frekari útlistun á kenningum Lakoff og Johnson sem reyna að útskýra grundvallaratriði vitsmunastarfs mannsins. Hugtakslíkingar Lakoff og Johnson eru kannski ekki

<sup>114</sup> Bergljót S. Kristjánsdóttir hefur þýtt „cognitive poetics“ sem hugræn skáldskaparfræði og notað „cognitive literary studies“ um hugræna bókmenntafræði, þar sem íslenska venjan er að tala um skáldskaparfræði sem undirsett bókmenntafræði.

<sup>115</sup> Gagnrýni Tsur á líkamsmótunarkenninguna má t.d. sjá í „Lakoff’s Roads Not Taken“ (1999). Í greininni segir Tsur sjálfur að bókmenntagreining taki við þar sem Lakoff sleppir.

allar sannfærandi, en að mínu mati eru þær sannfærandi fyrirbærafræðileg útskýring á því hvernig maðurinn skilur heiminn. Hér er líkamsmótunarkenningunni fylgt af því reynt er að færa grundvallar sönnur fyrir því að raunveruleikinn og ljóðlistin séu eitt, en annars væri áhugavert að greina ljóðlist Stevens út frá kenningum Tsur.

Af þeim sem hafa fjallað um sérkenni bókmennta í tengslum við sérkenni mannshugans má líka nefna Keith Oatley (2001) sem hefur skrifað mikið um sálfræði og bókmenntir. Oatley bendir á að bókmenntatextar eru aldrei nákvæm eftirlíking af raunveruleikanum þar sem samræður eru fullar af hikorðum og hálfkláruðum setningum og þess vegna oft illskiljanlegar ef þær eru teknar úr samhengi (107). Bókmenntatexta þarf að setja skipulega upp svo þeir séu skiljanlegir. Kenning Oatley er að bókmenntir virki eins og „hermir“ (e. *simulation*), en það er hugmynd sem hann byggir á hugmyndum Aristótelesar um „mimesis“ í *Um skáldskaparlistina*. Oatley heldur því fram að „mimesis“ ætti ekki að þýða sem „eftirlíkingu“, „hermir“ nái þýðingu orðsins betur. Hann fjallar um skáldskap frá hálfu lesandans og segir skáldskap vera byggðan á stökum tengingum við raunveruleikann—stöðvum eða vörðum nokkurs konar—sem lesandinn virkji sjálfur við lestur og fylli inn í þar sem „vantar“ lýsingar með eigin reynslu af raunveruleikanum (108).

Módel Oatley á líka við hvernig höfundurinn setur upp textann og eins og fram hefur komið er það enn frekar á þann hátt sem maðurinn skilur heiminn. Maðurinn skynjar heiminn meðal annars sem fígúru og bakgrunn og fellir umhverfi sitt inn í ákveðin mót, myndmót og líkingar, til þess að gera hann skiljanlegan. Þannig að í rauninni má segja að maðurinn sjái og skilji heiminn með „stílblögðum“. Á svipaðan hátt segir Patrick Colm Hogan (1997) að bókmenntir ýki ákveðna þætti sem lesendur svo nema (239). Hraður taktur/hægur taktur, fjarlægð/nálægð o.s.frv. eru form og mynstur sem marka hugsun okkar. Þegar við horfum yfir glitrandi sjó ofan af hæð tökum við ekki eftir *öllu* sem gerist, heldur því sem er í forgrunni, þ.e.a.s. við tökum eftir fígúrunni sem er í forgrunni en annað hverfur í bakgrunn. Við búum til form með skynjun okkar—við búum til senur. Ef við myndum vilja semja ljóð úr senunni yrði fígúra upplifuninnar fígúra textans, en við þyrftum að fylla upp í bakgrunninn með öðrum orðum.

Ef við lítum á Stevens í þessu samhengi, segir hann að bókmenntir og listir geri hinn hversdagslega raunveruleika merkingarfyllri eða ríkulegri (*NA* 30), og eykur tilfinningu okkar fyrir honum (*OP* 162). Stevens afneitar ekki eðli ljóðlistar sem listar tungumálsins. Ljóðlist er

list orðanna, skrifar hann í formála *The Necessary Angel*, þ.e. „birtingarmynd ímyndunaraflsins í skrúða orða“.<sup>116</sup> Ljóðlist nær engu síður að sýna raunveruleikann eins og hann er, orðin ná raunveruleikanum, þ.e.a.s. ef um rétt orð er að ræða því „orðið verður að vera það sem það stendur fyrir; annars er það tákn“.<sup>117</sup> Stevens er ekki innlyksa í textanum eða ímyndunaraflinu eins og táknsæismennirnir sem léku sér með tungumálið. Michel Benamou (1964), sem hefur borið Stevens saman við táknsæismenn, segir til dæmis að þegar Stéphane Mallarmé þrái „hreinan“ (í merkingunni „eftir að hafa hreinsað hann af því óhreina“) raunveruleika eigi hann við huglægan raunveruleika orðanna sem slíti sig frá raunveruleikanum. Þegar Stevens tali um „hreinan“ raunveruleikann eigi hann hins vegar við að orðagjálfrið víki fyrir orðum sem nái utan um raunveruleikann og skáldskapur færi manninn nær náttúrunni, á rómantíska vísu (52). Sá skilningur sem Stevens leggur í orðið á rætur sínar í mórernískum raunveruleika Stevens, þ.e.a.s. þeirri stefnu að skera á hefðirnar til að komast að hinu „hreina sjálfi“.

Mennirnir eru allir gæddir sömu líkamlegu eiginleikunum og skynja heiminn á svipaðan hátt, þó hver og einn skynji heiminn á sinn persónulega hátt. Sumir eru hávaxnir, aðrir lágvaxnir; sumir eru taugaveiklaðir, aðrir yfirvegaðir, o.s.frv.. Af sömu ástæðu finna allir menn fyrir ljóðrænu raunveruleikans, en Stevens telur að það sem einkenni skáldið sé að það finnur ríkulegar fyrir ljóðrænu heimsins samanborið við aðra (*OP* 164).

Ljóðlist er ímyndun lífsins. Ljóð er tiltekin þáttur lífs sem maður hefur hugsað um svo lengi að hugsanir manns eru orðnar óaðskiljanlegar frá því eða tiltekinn þáttur lífs sem er skynjaður svo sterkt að tilfinningin hefur sameinast því. Það er þess vegna sem við segjum að heimurinn sé fullur af raunverulegum hlutum sem eru svo líkir óraunverulegum hlutum ímyndunaraflsins að þeir eru óþekkjjanlegir hver frá öðrum, þegar, til þess að útskýra þetta betur, við bendum á, til dæmis, bláan himininn, getum við verið viss um það að það sem við bendum á er alltaf eitthvað sem, hvort sem við hugsum um það eða finnum það á okkur, hefur orðið hluti af upplifun okkar á lífinu, jafnvel þó við séum þess ekki vör. Það er ekki erfitt að ímynda sér að fáir átti sig á þessu þegar við horfum eins og í fyrsta sinn á bláan himininn, þ.e.a.s.: horfum ekki aðeins til hans heldur upplifum hann og finnum í fyrsta sinn að við lifum í líkamlegum ljóði.<sup>118</sup>

<sup>116</sup> „the imagination manifesting itself in the domination of words“. *NA* viii.

<sup>117</sup> „The word must be the thing it represents; otherwise, it is a symbol“. *OP* 168.

<sup>118</sup> „Poetry is the imagination of life. A poem is a particular of life thought of for so long that one's thought has become an inseparable part of it or a particular of life so intensely felt that the feeling has entered into it. When, therefore, we say that the world is a compact of real things so like the unreal things of the imagination that they are indistinguishable from one another and when, by way of illustration, we cite, say, the blue sky, we can be sure that the thing cited is always something that, whether by thinking or feeling, has become a part of our vital experience of life, even though we are not aware of it. It is easy to suppose that few people realize on that occasion, which comes

Skáldið skynjar raunveruleikann sterkar, það er næmara, eins og Stevens segir. Í huga skáldsins er augljóst að „ljóðlist er aðeins raunveruleiki, eftir allt saman, og sannleikur ljóðlistar er sannleikur staðreynda, séður, ef til vill, af þeim sem hafa víðara skyn á staðreyndir—þ.e.a.s. sem eru næmari—en við“.<sup>119</sup> Ljóðskáldið eða listamenn almennt skerpa á raunveruleikanum og sýna hinum merkingu. Stevens segir að skáldið gefi lífinu í raun merkingu sína eða innihald (NA 30).

Lífið er ljóðlist og ljóðlist er lífið af því lífið er bundið mannslíkamanum sem sér heiminn á bókmenntalegan og tilfinningalegan hátt. Af því skáldið skynjar heiminn sterkar og skarpar verður allur heimurinn ljóð í augum hans—jafnvel létt spor kattarins fyrir neðan gluggann í morgunsárið eru ljóð (sbr. fyrirsagða sögu Stevens). Ljóðið á rætur sínar í huganum sem á rætur sínar í líkamanum, og þar sem sýn okkar á heiminn er tilfinningaleg eða huglæg, þá er „heimur hugsana [okkar] heimur tilfinninga [okkar]“.<sup>120</sup> Lífið fer eftir því hvernig manni líður hverju sinni, segir Stevens: „Hvernig hlutirnir líta út núna fer eftir því hvernig manni líður“.<sup>121</sup> Dagurinn getur verið grár eða bjartur, allt eftir því hvernig maður er upplagður. En þó tilfinningar eða ímyndunaraflíð stjórni því hvernig raunveruleikinn er skynjaður, leggur raunveruleikinn samt alltaf helminginn til þar sem það er hann sem líkami okkar skynjar.

### 3.3 Tilgangur lista

Hjá Stevens er „ljóðlist aðeins hljóð á meðal annarra hljóða heimsins“, „náttúrulegt fyrirbæri, aldrei einstakur eða aðskilinn atburður“.<sup>122</sup> Maðurinn og ljóð hans eru hluti af náttúrunni en ekki um hana eða yfir hana hafin eins og akademían hefur viljað halda. Helen Vendler (2003) segir að Stevens leiti „[með árunum] oftast eftir útskýringum sem gleyma ekki uppruna ljóðsins í þróun tungumála dýranna, en varna ljóðlist ekki heldur inngöngu í glæstustu sali þekkingarinnar“.<sup>123</sup> Stevens neitar því ekki að maðurinn sé viti borinn og þróaðri en önnur dýr, en hann gleymir því ekki heldur að maðurinn er hluti af hinum lífræna heimi. Í „Honors and Acts“ segir hann til

---

to all of us, when we look at the blue sky for the first time, that is to say: not merely see it, but look at it and experience it and for the first time have a sense that we live in the center of a physical poetry“. *NA* 65.

<sup>119</sup> „poetry is only reality, after all, and [...] poetic truth is a factual truth, seen, it may be, by those whose range in the perception of fact—that is, whose sensibility—is greater than our own“. *NA* 59.

<sup>120</sup> „the world of [our] own thoughts and the world of [our] own feelings“. *NA* 66.

<sup>121</sup> „How things seem now is always a question of sensibility“. *OP* 169.

<sup>122</sup> „poetry only one sound among all the sounding of things“; „a natural phenomenon, never a precious or separate activity“. *Doggett* 1966: 166.

<sup>123</sup> „Stevens reaches increasingly often [...] for formulations that will not deny poetry’s origin in the animal evolution of language, but that will equally not deny poetry’s role in the highest domain of knowledge“. *2003*: 111.



dæmis að „ljóðskáldið búi í heimi Darwin en ekki í heimi Platóns“.<sup>124</sup> Eins og Leggett bendir á las Stevens um Giambattista Vico og mun hafa merkt við kenningar hans um „þátt ímyndunarafslsins og ljóðlistar í þróun menningar mannsins, andstöðu [Vico] gegn ‚kartesisma‘, þekkingarfræði hans sem varðaði það að við getum aðeins þekkt það sem við sjálf sköpum, [og] kenningu hans um uppruna ljóðlistar“.<sup>125</sup> Samkvæmt Vico átti ljóðlistin að hafa þróast úr því að vera dýrsleg tjáning en það sem því og þróunarkenningu Darwin fylgir er að ekkert takmark og er í heiminum og enginn tilgangur, heldur erum við dýr á valdi óútreiknanlegrar náttúrunnar. En hvað verður þá um listina, afurð hugrænna þátta mannsins, ef hún er tengd líkamlegum, náttúrulegum ferlum vitsmunastarfs okkar en ekki tærum andanum?

Sumir fræðimenn hafa sett fram kenningar um uppruna lista, ef svo mætti að orði komast, en þeir reyna að svara hvaða tilgangi listir þjóni og hvers vegna þær hafi þróast. Eru þær aðlögun, eins og Brian Boyd heldur fram (2005: 152); afleiðing þess að menn með hæfileikann til að einbeita sér að sköpun komust frekar af en þeir sem gerðu það ekki? Eða eru þær kynbundið náttúruval (sjá Boyd 2005: 155); má líta á listamanninn sem karlmann sem skapar til þess að laða að sér kvendýr? Eða eru þær aukaafurðir og hafa því engum tilgangi að gegna, eins og Steven Pinker heldur fram (1997: 525). Pinker er einn aðalmaður tölvulíkanskennningarinnar og samkvæmt honum eru listir aukaafurðir (e. *by-product*) hugbúnaðar heila okkar sem er hannaður til þess að leysa „raunveruleg“ vandamál náttúrunnar, eins og t.d. hvernig eigi að finna vatn og bera það heim í helli. Listir gegni sem sagt engu hlutverki einar og sér heldur má segja að þær séu eins og sælgæti fyrir skilningarvitin.

Mark Johnson svarar ekki þróunarfræðilegum spurningum listarinnar í *The Meaning of the Body* (2007) en þó er erindi hans að færa listirnar á þann stall sem þær eiga skilið. Hans kenning er í raun aðeins sú að listir verði mögulegar um leið og meðvitund kemur til sögunnar, og er það einnig skoðun Antonio Damasio (1999: 315-316). Listin er þó ekki aukaafurð heldur full merkingar og möguleika. Hún varpar ljósi á það hvernig við skiljum heiminn af því hún er samþjöppun á þeim formum sem við notum til að skilja lífið. Þannig getur hún einnig komið að notum fyrir uppbyggingu samfélagsins og framþróunar mannkynsins (Johnson 2007: 283).

<sup>124</sup> „[the poet] lives in the world of Darwin and not in the world of Plato“. *OP* 243.

<sup>125</sup> „the place of imagination and of poetry in the development of human culture, his reaction against Cartesianism, his epistemological doctrine that we can know only what we ourselves create, his account of the origins of poetry“. 1987: 44.

Í fyrsta kafla fjallaði ég um sannleika út frá því hvort skáldskapar væri trúr raunveruleikanum, tilfinningunum eða ramma listaverksins sjálfs. Stevens segir sannleika bókmennta ekki vera annan en alvöru sannleika (NA 147), og eins og áður segir er skoðun Johnson sú að enginn alvöru sannleikur sé til og hinn vísindalegi sannleikur sé aðeins mannlegur; annar sannleikur en hinn mannlegi er manninum í raun óviðkomandi: „*mannslíf þarfnast ekki algilds sannleika*. [...] Mannlegur sannleikur er sá sem verður til í samhengi mannglegrar forvitni, veltur á líkamsmótaðri merkingu, og miðast við gildi okkar og áhuga. Endanlegur, fallvaltur, mannlegur sannleikur er eini sannleikurinn sem við höfum völ á“.<sup>126</sup> Eins og áður segir fullyrðir Keith Oatley (2001) að skáldskapur geti verið tvisvar sinnum sannari en „staðreyndir“ af því sannleikur þurfi að uppfylla þrjá þætti: hann þurfi að vera trúr raunveruleikanum, trúr einstaklingnum, eða trúr samhenginu. Skáldskapur uppfyllir ekki sannleika raunhyggju, þ.e. empírískan sannleika. Það er erfitt að greina hvað höfundur hefur tekið beint úr raunveruleikanum, eftir minningu eða skáldað frá grunni (1), en skáldskapur getur hins vegar verið trúr tilfinningum og trúr innra samhengi skáldverksins (103).

Það er vel við hæfi að enda á þessum fyrirbærafræðilegu nótum þar sem fyrirbærafræðin hefur verið undirliggjandi í allri ritgerðinni og er grundvallaratriði hvað varðar skilning Stevens og Mark Johnson varðandi þá merkingu sem kemur beint frá manninum og líkamlegri tilvist hans í heiminum. Gagnrýnendurnir Thomas J. Hines (1980) og Simon Critchley (2005) hafa gert fyrirbærafræðilega þætti Stevens sérstaklega að umfjöllunarefni sínu. Hines fjallar um hliðstæður fyrirbærafræðinnar og hugmynda Stevens í ljóðunum en umfjöllun hans á auðvitað ekki síður við prósansann því eins og áður segir þá eru skáldskaparfræðin góð lýsing Stevens á eigin ljóðlist. Bæði ljóðin og prósin lýsa huganum sem ferli; það er ekki hluturinn sjálfur sem er í brennidepli heldur skynjun mannsins á hlutnum (86). Hjá Stevens er maðurinn alltaf hluti af náttúrunni og viðfangsefni hans er lífið sjálft, síbreytilegt, en ekki hið yfirnáttúrulega. Eins og áður sagði er það lífið eins og því er lífað af alvöru manneskjum en ekki inni á rannsóknarstofu.

Hjá Stevens er engin merking í hlutnum sjálfum heldur verður hún til þegar maðurinn túlkar viðkomandi hlut: „Þegar hugurinn er upptekinn af einhverjum hlut, gefur hann hlutnum ólíkar mögulegar merkingar: ekki svo að skilja að hluturinn endurspegli eða gefi til kynna þessar

---

<sup>126</sup> „*human life does not require absolute truths*. [...] Human truth [...] arises in the context of human inquiry, relies on embodied meaning, and is relative to our values and interests. Finite, fallible, human truth is all the truth we have“. Johnson 2007: 280.

merkingar, heldur skapar hugurinn (ímyndunaraflíð) merkinguna úr nánast engu“.<sup>127</sup> Hines segir Stevens sýna fram á að þeir sem vilji sjá heiminn í sjálfum sér hljóti að lenda í öngstræti því „[m]einlætisleiðin að niðurskurði [leiði] til afneitunar á tilfinningum, ímyndunum, skynjunum, í stuttu máli, öllum þeim þáttum sem tengjast sjálfri tilverunni“.<sup>128</sup> Það er enginn yfirnáttúrulegur, platónskur sannleikur ofar mannlegri tilveru. Raunveruleikinn á hlutlægan, ómannlegan hátt hefur hvort sem er enga merkingu fyrir manninn eins og Stevens segir: „Heimurinn allt í kringum okkur væri eyðilegur ef ekki væri fyrir heiminn sem býr innra með okkur“.<sup>129</sup> Eða með orðum Critchley: „Raunveruleiki tilvistarinnar einnar er án alls mannlegs tilgangs og mannlegrar þýðingar“.<sup>130</sup>

Ef við tengjum fyrirbærafræðilega túlkun Hines og Critchley við kenningar líkamsmótunarsinna, þá sjáum við að það er líkaminn sem býr sjálfkrafa til merkingu lífsins með tilfinningum og geðshræringum, líkingum og myndmótum. Lífið er tilfinningaríkt og sett í mót en við ýkjum þessi mót þegar við skrifum bókmenntir eða sköpum aðra list. Þetta er í grunninn það sem Stevens reynir að tjá og það sem ákveðnir menn innan hugrænna fræða eru að sýna fram á núna. Merkingarleysi *heimsins í sjálfum sér* felur í sér frelsi til merkingarsköpunar og þar koma bókmenntir og listir m.a. til sögunnar (trúarbrögð eru t.d. annað, en þær eru ef til vill eitt form listar). Raunveruleikinn hefur enga merkingu í sjálfum sér, heldur eru það við sem vörpum merkingu okkar á raunveruleikann. Við skiljum núna betur það sem Stevens á við þegar hann segir að „[í]myndunaraflíð [sé] frelsi hugans og þannig frelsi raunveruleikans“.<sup>131</sup> Ímyndunaraflíð er hæfileikinn til þess að sjá heiminn á skapandi hátt. Raunveruleikinn er ekki einn heldur margir: „Raunveruleikinn er ekki það sem hann er. Hann er allir þeir raunveruleikar sem mynda hann“.<sup>132</sup> Við skiljum einnig betur að, að því leyti sem ímyndunaraflíð stjórnar því hvernig við sjáum heiminn getur Stevens sagt að „[í]myndunaraflíð [gleypi] og [mergsjúgi] hluta af raunveruleikanum“,<sup>133</sup> án þess að hann gleymi því að maðurinn er alltaf til í

<sup>127</sup> „As the mind contemplates the object, it gives to the object various possible meanings: not that the object itself reflects or suggests these meanings, but that the mind (imagination) creates meaning out of virtually nothing“. Hines 1980: 95.

<sup>128</sup> „The ascetic’s process of reduction has led to a rejection of feeling, imagining, sensing, in short, all the aspects of actual existence“. 109.

<sup>129</sup> „The world about us would be desolate except for the world within us“. NA 169.

<sup>130</sup> „The reality of mere being is without human purpose and human meaning“. 2005: 75.

<sup>131</sup> „The imagination is the liberty of the mind and hence the liberty of reality“. OP 179.

<sup>132</sup> „Reality is not what it is. It consists of the many realities which it can be made into“. OP 178.

<sup>133</sup> „The imagination consumes and exhausts some element of reality“. OP 173.

raunveruleikanum. Ímyndunaraflíð yfirgnæfir raunveruleikann af því það er undir því komið hvernig raunveruleikinn er séður. Raunveruleikinn er hins vegar alltaf mótífið.

## Lokaorð: Þau skilja það núna í Sorbonne

Þó staðhæfingar Stevens gangi í berhögg við hefðbundinn aðskilnað raunveruleika og skáldskapar er það ekki vegna þess Stevens er á villigötum heldur er hefðbundna skoðunin fölsk aðgreining. Rannsóknir þeirra fræðimanna sem ég hef nú fjallað um í þessari ritgerð halda því fram að hugurinn sé meira en spegill náttúrunnar eða úrvinnslustöð tákna (Lakoff 1987: xvii). Samkvæmt þeim er aðaleinkenni vitsmunastarfs mannsins myndmót, líkingar og blöndur sem felast í skapandi tengingum. Maðurinn er ekki hugur fastur í líkama heldur eru hugrænir þættir nátengdir líkamanum sem er til í ákveðnu umhverfi og hann upplifir og skilur heiminn á ákveðinn hátt. Auk þess er sérhver reynsla eða ímyndun tilfinningaleg vegna þess að tilfinningar og geðshræringar eru órjúfanlega tengdar mati okkar á umhverfinu og breytingum innan líkamans sjálfs. Allt það sem maðurinn hugsar og gefur merkingu á sér stað í líkamanum í rými, maðurinn leggur merkingu í raunveruleikann jafn óðum og hann dregur andann. Ímyndunaraflíð er því alls ekki fjarri því stóra hlutverki sem Stevens fól því og nær því í rauninni betur hvernig maðurinn hugsar og sér heiminn en rök hugsun í hinum hefðbundna skilningi þar sem rök hugsun er í rauninni skapandi.

Bókmenntir eru „bókmenntalegrí“ en raunveruleikinn af því í þeim eru form og mynstur hugsana mannhugans ýkt, en þær eru aðeins samþjöppun á þeim formum og mótum sem hugsanir okkar hafa frá náttúrunnar hendi. Bókmenntir og listir eru þess vegna ekki jaðargreinar í rannsóknum á hugrænum þáttum mannsins heldur eru þær mikilvægt sjónarhorn til að skilja hvernig hugur mannsins virkar. Í bókmenntum kemur nefnilega fram hvernig maðurinn *upplifir* raunveruleikann—oft á mjög skapandi hátt—en ekki hvernig heilinn lítur út í skanna. Og raunveruleikinn er upplifaður og skilinn á tilfinningalegan hátt, í ákveðnum mynstrum og í gegnum líkingar. Þó er raunveruleikinn misljóðrænn eftir því hvernig okkur líður og hversu næm við erum; Stevens er skáld og þau eru næmari fyrir ljóðrænni af því þau skynja heiminn skarpar, eins og dæmið af því þegar hann heyrir í léttu fótataki kattarins á snjóskurninni fyrir neðan gluggann hans gefur til kynna. Ljóðlistin er samt sem áður okkar allra—allir skilja ljóðrænu raunveruleikans sem skáldið kemur til skila í ljóðum sínum. Það er raunveruleiki okkar allra, í skarpari litum.

Sumir hafa sagt að skáldskaparfræði Stevens hafi enga þýðingu út fyrir sjálf sig og ljóðlist Stevens sjálfs (sjá t.d. Riddell 1967b: 21 og Leggett 1987: 11). Ég hef nú sýnt fram á að

skáldskaparfræði Stevens gætu ekki átt betur við bókmenntir almennt, og aðrar listir auk þess, þar sem þau fjalla um grundvöll tilveru mannsins. Raunveruleikinn er skáldskapur eða skáldskapur er raunveruleikinn af því ljóðlist er samþjöppun á venjubundnum hugarmynstrum mannsins, og tilfinningar lita alla upplifun hans. Stevens virðir að vettugi hefðbundna aðgreiningu skáldskapar og raunveruleika og fylgir innsæi sínu og upplifun sem segir honum að ímyndunaraflíð eða ljóðlistin jafngildi raunveruleikanum. Þau skilja það núna í Sorbonne að bókmenntaleikinn er einfaldlega raunveruleikinn; vísindin eru að uppgötva að hið órökræna er rökrænt og allur heimurinn er litaður tilfinningum, formum og líkingum.

## Heimildaskrá

- Abrahamsen, Adele & William Bechtel. 2012. „History and Core Themes“. *The Cambridge Handbook of Cognitive Science*, bls. 9-28. Ritstj. Keith Frankish & William M. Ramsey. Cambridge University Press, Cambridge.
- Abrams, M.H. 1953. *The Mirror and the Lamp: Romantic Theory and Critical Tradition*. Oxford University Press, London, Oxford & New York.
- Aldama, Frederick Luis. 2010. „Introduction: The Sciences and Humanities Matter as One“. *Toward a Cognitive Theory of Narrative Acts*, bls. 1-9. Ritstj. Frederick Luis Aldama. University of Texas Press, Austin.
- Aristóteles. 1997. *Um skáldskaparlistina*. Kristján Árnason íslenskaði. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Atli Ingólfsson. 1994. „Að syngja á íslensku, 1“. *Skírnir* 168.1: 7-36.
- Averill, James R. 2001. „The Rhetoric of Emotion, With a Note on What Makes Great Literature Great“. *Empirical Studies of the Arts* 19.1: 5-26.
- \_\_\_\_\_ & Carol Thomas-Knowles. 1991. „Emotional Creativity“. *International review of studies in emotion* 1: 269-299.
- Benamou, Michel. 1964. „Wallace Stevens and the Symbolist Imagination“. *ELH* 31.1: 35-63.
- Bergljót Soffía Kristjánsdóttir. 2012. „,Holdið hefur vit‘ eða ,Við erum ekki kým á beit í haga skilnings og þekkingar‘: Um líkamsmótað vitsmunastarf og hugræna bókmenntafræði“. *Ritið* 3/2012: 13-41.
- Bevis, William W. 1988. *Mind of Winter: Wallace Stevens, Meditation, and Literature*. Pittsburgh University Press, Pittsburgh.
- Berkeley, George. 1988. *Principles of Human Knowledge / Three Dialogues*. Penguin Books, London.
- Boyd, Brian. 2005. „Evolutionary Theories of Art“. *The Literary Animal: Evolution and the Nature of Narrative*, bls. 147-176. Ritstj. Jonathan Gottschall & David Sloan. Northwestern University Press, Evanston.
- Brazeal, Gregory. 2007. „The Supreme Fiction: Fiction or Fact?“. *Journal of Modern Literature*, 31.1: 80-100.
- Bruner, Jerome. 1991. „The Narrative Construction of Reality“. *Critical Inquiry* 18.1: 1-21.

- \_\_\_\_\_. 2004 [1987]. „Life as Narrative“. *Social Research* 71.3: 691-710.
- Carroll, Joseph. 1987. *Wallace Stevens' Supreme Fiction: A New Romanticism*. Louisiana State University Press, Baton Rouge & London.
- Coleridge, Samuel Taylor. 2006 [1815]. „*Biographia Literaria*“. *The Norton Anthology of English Literature*, bls. 474-488. Aðalristj. Stephen Greenblatt. 2. bindi. W.W. Norton & Company, New York & London.
- Critchley, Simon. 2005. *Things Merely Are: Philosophy in the poetry of Wallace Stevens*. Routledge, London & New York.
- Damasio, Antonio. 2006 [1994]. *Descartes' Error: Emotion, Reason, and the Human Brain*. Vintage Books, London.
- \_\_\_\_\_. 1999. *The Feeling of What Happens: Body and Emotion in the Making of Consciousness*. Harcourt Brace & Company, New York.
- \_\_\_\_\_. 2003. *Looking for Spinoza: Joy, Sorrow, and the Feeling Brain*. William Heinemann, London.
- Descartes, René. 2001. *Hugleiðingar um frumspeki*. Þorsteinn Gylfason íslenskaði. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík
- Doggett, Frank. 1966. *Stevens' Poetry Of Thought*. The John Hopkins Press, Baltimore.
- Douglass, Paul. 1988. „‘The Theory of Poetry is the Theory of Life’: Bergson and the Later Stevens“. *Critical Essays on Wallace Stevens*, bls. 245-260. Ristj. Steven Gould Axelrod & Helen Deese G.K. Hall & Co., Boston.
- Fauconnier, Gilles & Mark Turner. 2002. *The Way We Think: Conceptual Blending and the Mind's Hidden Complexities*. Basic Books, New York.
- Frankish, Keith & William M. Ramsey. 2012. „Introduction“. *The Cambridge Handbook of Cognitive Science*, bls.1-5. Ristj. Keith Frankish & William M. Ramsey. Cambridge University Press, Cambridge.
- Hillis Miller, J. 1969. *Poets of Reality: Six Twentieth-Century Writers*. Atheneum, New York.
- \_\_\_\_\_. 1980. „Theoretical and Atheoretical in Stevens“. *Wallace Stevens: A Celebration*, bls. 274-285. Ristj. Frank Doggett & Robert Buttel. Princeton University Press, Princeton.
- Hines, Thomas J. 1981. *The Later Poetry of Wallace Stevens: Phenomenological Parallels with Husserl and Heidegger*. Bucknell University Press, Lewisburg.



- Hogan, Patrick Colm. 1997. „Literary Universals“. *Poetics Today* 18.2: 223-249.
- \_\_\_\_\_. 2003. *Cognitive Science, Literature, and the Arts: A Guide for Humanists*. Routledge, London.
- Jakobson, Roman. 1991 [1956]. „Tvær hliðar tungumálsins: myndhvörf og nafnskipti“. *Spor í bókmenntafræði 20. aldar: Frá Shklovskij til Foucault*, bls. 81-92. Ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Johnson, Mark. 2007. *The Meaning of the Body*. The University of Chicago Press, Chicago.
- Jörgen L. Pind. 2012. „Sálarfleyið mitt skelfur“: Hugfræðilegur söguþáttur“. *Ritið* 3/2012: 105-126.
- Kant, Immanuel. 2008 [1781]. *Forspjall að frumspeki*. Skúli Pálsson íslenskaði. Heimspekistofnun, Reykjavík.
- Lakoff, George. 1987. *Women, Fire, and Other Dangerous Things: What Categories Reveal about the Mind*. The University of Chicago Press, Chicago & London.
- \_\_\_\_\_. & Mark Johnson. 2003 [1980]. *Metaphors We Live By*. University of Chicago Press, Chicago & London.
- Leggett, J.B. 1987. *Wallace Stevens and Poetic Theory: Conceiving the Supreme Fiction*. University of North Carolina Press, Chapel Hill & London.
- Lentricchia, Mark. 1988. „Version of Existentialism“. *Critical Essays on Wallace Stevens*, bls. 98-102. Ritstj. Steven Gould Axelrod & Helen Deese. G.K. Hall & Co., Boston.
- Lewis, Pericles. 2007. *The Cambridge Introduction to Modernism*. University of Cambridge Press, Cambridge.
- Lindenberger, Herbert. 2010. „Arts in the Brain; or, What Might Neuroscience Tell Us?“. *Toward a Cognitive Theory of Narrative Acts*, bls. 13-35. Ritstj. Frederick Luis Aldama. University of Texas Press, Austin.
- Litz, A. Walton. 1980. „Particles of Order: The Unpublished *Adaiga*“. *Wallace Stevens: A Celebration*, bls. 57-77. Ritstj. Frank Doggett & Robert Buttel. Princeton University Press, Princeton.
- \_\_\_\_\_. 1977. „Wallace Stevens’ Defense of Poetry: *La poésie pure*, the New Romantic, and the Pressure of Reality“. *Romantic and Modern: revaluations of literary tradition*, bls. 111-132. Ritstj. George Bornstein. University of Pittsburgh Press, Pittsburgh.

- Merleau-Ponty, Maurice. 2008 [1945]. „Formáli að *Fyrirbærafræði skynjunarinnar*“. Jón Laxdal Halldórsson, Páll Skúlason og Björn Þorsteinsson íslenskuðu. *Hugur* 20: 113-136.
- Oatley, Keith. 1999. „Why Fiction May be Twice as True as Fact“. *Review of General Psychology* 3.2: 101-117.
- \_\_\_\_\_. 2012. „Aðskrifaglesa: Framtíð hugrænna skáldskaparfræða“. Sigrún Margrét og Jóhann Axel íslenskuðu. *Ritið* 3/2012: 163-181.
- O’Callaghan, Casey. 2012. „Perception“. *The Cambridge Handbook of Cognitive Science*, bls. 73-91. Ritstj. Keith Frankish & William M. Ramsey. Cambridge University Press, Cambridge.
- Pack, Robert. 1958. *Wallace Stevens: An Approach to his Poetry*. Rutgers University Press, New Brunswick.
- Pahl, Katrin. 2009. „Emotionality: A Brief Introduction“. *NLM* 124: 547-554.
- Pearce, Roy Harvey. 1980. „Toward Decreation: Stevens and the ‘Theory of Poetry’“. *Wallace Stevens: A Celebration*, bls. 286-307. Ritstj. Frank Doggett & Robert Buttel. Princeton University Press, Princeton.
- Pinker, Steven. 1997. *How the Mind Works*. W.W. Norton & Company, New York & London.
- Platón. 1997. *Ríkið*. Eyjólfur Kjalar Emilsson íslenskaði. 2. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Ragg, Edward. 2010. *Wallace Stevens and the Aesthetics of Abstraction*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Regueiro, Helen. 1976. *The Limits of Imagination: Wordsworth, Yeats, and Stevens*. Cornell University Press, Ithaca & London.
- Richardson, Joan. 1988. *Wallace Stevens: A Biography: The Later Years, 1923-1955*. Beech Tree Books, New York.
- Riddell, Joseph N. 1964. „The Contours of Stevens’ Criticism“. *ELH* 31,1: 106-138.
- \_\_\_\_\_. 1967a. „It Must Be Human“. *The English Journal* 56.4: 525-534.
- \_\_\_\_\_. 1967b. *The Clairvoyant Eye: The Poetry and Poetics of Wallace Stevens*. Louisiana State University Press, Baton Rouge.
- Shelley, P.B. 2006 [1816]. „Mont Blanc“. *The Norton Anthology of English Literature*, bls. 762-766. Aðalritstj. Stephen Greenblatt. 2. bindi. W.W. Norton & Company, New York & London.

- Shklovskij, Viktor. 1991 [1917]. „Listin sem tækni“. *Spor í bókmenntafræði 20. aldar: Frá Shklovskij til Foucault*, bls. 21-42. Ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Sif Ríkharðsdóttir. 2012. „Hugræn fræði, tilfinningar og miðaldir“. *Ritið* 3/2012: 67-89.
- Stevens, Wallace. 1982. *Opus Posthumous*. Ritstj. Samuel French Morse. Vintage Books, New York.
- \_\_\_\_\_. 1984. *The Necessary Angel: essays on reality and the imagination*. Faber & Faber, London.
- \_\_\_\_\_. 1990. *The Collected Poems*. Vintage Books, New York.
- \_\_\_\_\_. 1996. *Letters of Wallace Stevens*. Ritstj. Holly Stevens. University of California Press, Berkeley.
- Tsur, Reuven. 1999. „Lakoff’s Roads Not Taken“. *Pragmatics & Cognition* 7.2: 339-259.
- \_\_\_\_\_. 2010. „The poetic function and aesthetic qualities: cognitive poetics and the Jakobsonian model“. *Acta Linguistica Hafniensia* 42.S1: 2-19.
- Turner, Mark. 1996. *The Literary Mind*. Oxford University Press, New York & Oxford.
- \_\_\_\_\_. 2002. „The Cognitive Study of Art, Language, and Literature“. *Poetics Today* 23.1: 9-20.
- Varela, Francisco, Evan Thompson & Eleanor Rosch. 1993. *The Embodied Mind: Cognitive Science and Human Experience*. The MIT Press, Cambridge & London.
- Vendler, Helen. 2003. „Hypotheses and Contradictions“. *Representations* 81.1: 99-117.
- Von Eckhardt, Barbara. 2012. „The Representational Theory of Mind“. *The Cambridge Handbook of Cognitive Science*, bls.29-49. Ritstj. Keith Frankish & William M. Ramsey. Cambridge University Press, Cambridge.
- Zunshine, Lisa. 2010. „Introduction: What Is Cognitive Cultural Studies?“. *Introduction to Cognitive Cultural Science*, bls. 1-33. Ritstj. Lisa Zunshine. The John Hopkins University Press, Baltimore.